



Skýrsla nr. C11:07

Staða og horfur svínaræktarinnar

- Ísland og Evrópusambandið

Janúar 2012

HAGFRÆÐISTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Odda v/Sturlugötu

Sími: 525-4500/525-4553

Fax nr. 552-6806

Heimasíða: www.hag.hi.is

Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C11-07

Staða og horfur svínaræktarinnar

-Ísland og Evrópusambandið-

Janúar 2012

Aðfararorð

Umfjöllunarefni þessarar skýrslu er staða svínaræktar hérlendis. Skýrslunni er skipt í tvo megin hluta; sá fyrri fjallar um stöðu og þróun greinarinnar hér á landi undanfarin ár en sá síðari fjallar um reynslu finnskra svínabænda af aðild að ESB. Út frá reynslu Finna eru loks möguleg áhrif aðildar Íslands að ESB og samsvarandi tollaafnámi metin fyrir íslensk svínabú.

Þessi skýrsla er unnin að beiðni Félags svínabænda og hófst vinna í október 2010 og lauk í janúar 2012. Skýrsla þessi byggir að nokkru leyti á svipaðri skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Samband garðyrkjubænda og kom sú skýrsla út haustið 2010.¹

Skýrsluna unnu hagfræðingarnir M.A. Björn Þór Arnarson og dr. Daði Már Kristófersson. Skýrsluhöfundar vilja sérstaklega þakka Ernu Bjarnadóttur hjá Bændasamtökum Íslands og Herði Harðarsyni hjá Félagi svínabænda fyrir aðstoð við gagna- og upplýsingaöflun. Þar að auki þakka skýrsluhöfundar ómælda aðstoð Erja Mikkola, frá ráðuneyti landbúnaðar og skógræktar í Finnlandi.

Margrét Káradóttir, og Stefán Sigurðsson hjá Hagstofu Íslands og Ingibjörg Sigurðardóttir hjá Hagþjónustu landbúnaðarins hafa auk þess verið skýrsluhöfundum innan handar við vinnslu þessarar skýrslu og er þeim þökkuð sú aðstoð.



Sveinn Agnarsson,

forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

¹ Björn Þór Arnarson og Daði Már Kristófersson, 2010. *Staða og horfur garðyrkjunnar -Ísland og Evrópusambandið*. Skýrsla nr. C10:05. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Samantekt

Í þessari skýrslu er lagt mat á núverandi stöðu svínaræktarinnar og þróun hennar undanfarin ár. Þar að auki er fjallað um hugsanleg áhrif aðildar að Evrópusambandinu á greinina. Í því sambandi er sérstaklega horft til reynslu Finna. Skýrslunni er skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er fjallað um stöðu innlendrar svínaræktar og sögulega þróun. Í síðari hlutanum er reynsla Finna af aðild könnuð og farið yfir rekstraraðstæður og styrki til ræktunarinnar. Sú umgjörð er loks heimfærð á íslenska svínarækt og möguleg áhrif aðildar metin.

Afkoma svínaræktar á Íslandi hefur sveiflast nokkuð undanfarinn áratug. Eftir mikinn uppgang kringum aldamótin tók við samdráttarskeið þar sem fyrirtækjum fækkaði og þau stækkuðu. Framleiðsla svínaræktarinnar óx um 60% frá árinu 1998 til 2003, þar af um 30% á árabílinu 2001 til 2003. Þrátt fyrir að neysla hafi aukist umtalsvert á hvern íbúa á tímabilinu þá var framleiðslan töluvert umfram eftirspurn sem skilaði sér í umframframleiðslu sem flutt var út árin 2003 og 2004. Frá þeim tíma hafa svínabú stækkað og þeim fækkað enn frekar meðan framleiðslan hefur staðið í stað. Þrátt fyrir fækkun svínabúa hafa gjaldþrot, skv. tölum Hagstofunnar, ekki verið mörg.²

Heildarfjöldi ársverka í svínarækt var liðlega 70 árið 2009 og fækkaði nokkuð frá árinu áður. Hinsvegar hefur ársverkum fjölgað lítillega síðastliðinn þó svo búum hafi fækkað og samdráttur orðið í kjölfar bankakreppunnar. Afleiddum störfum hefur einnig fjölgað undanfarinn áratug. Þegar heildarfjöldi ársverka innan greinarinnar sem og afleiddra starfa er tekinn saman má áætla að um 200 manns starfi annaðhvort beint við svínarækt eða hafi atvinnu af tengdum greinum. Sá fjöldi stóð í stað á tímabilinu 2004 til 2009, eftir nokkra fjölgun á árunum þar á undan.

Bæði framleiðsla og verðmætasköpun svínaræktarinnar hefur aukist nokkuð þegar litið er á undanfarin 10 ár. Líkt og áður þá eru umtalsverðar sveiflur í tölunum en greina má um helming aukningu í verðmætasköpun og framleiðsluvirði á tímabilinu. Vægi greinarinnar til landsframleiðslu hefur verið um eða innan við 0,1% undanfarin áratug. Ef einvörðungu er horft á landbúnað er hlutur svínaræktarinnar um 6% af verðmætasköpun landbúnaðarins. Í

² Þær tölur ná þó ekki nema til ársins 2009 og því með öllu óljóst hvort áhrif bankahrunsins eru komin fram á þeim tíma.

samanburði við aðrar greinar innan landbúnaðar þá hefur aukning framleiðslu og verðmætasköpunar verið nokkuð meiri í svínaræktinni en öðrum greinum landbúnaðarins.

Verð á svínakjöti hefur farið lækkandi bæði til neytenda og bænda. Lækkunin er yfir 40% að raunvirði til bænda frá 1998 til 2009. Svipaða þróun, en þó ögn minni lækkun má greina í verði á svínakjötsafurðum til neytenda. Mest hefur lækkunin verið á kótelettum. Verð á svínakjöti til bænda hefur sögulega verið umtalsvert hærra hérlendis en í Evrópu. Árið 2010 var verðið 28% hærra en hafði verið meira en tvöfalt hærra á árunum 2006 til 2007. Minnkandi mun má rekja til gengisfalls krónunnar sem hefur gert innlenda framleiðslu mun samkeppnishæfari en áður.

Þegar rekstrarafkoma og efnahagsyfirlit svínaræktarinnar hérlendis er skoðuð má sjá að skuldir svínaræktarinnar tæplega fimmtánfölduðust að meðaltali frá 1998 til 2008. Lækkðu skuldir nokkuð árið 2009 sem bendir til þess að einhver svínabú hafi verið fjárhagslega endurskipulögð. Tekjur og gjöld sexfölduðust á sama tímabili. Mikil stækkun búa skýrir þessa þróun að nokkru leyti. Rekstrarniðurstaða greinarinnar var ekki ýkja hagfelld, en tap var af svínarækt í 7 af þeim 12 árum sem eru tekin eru fyrir í skýrslunni. Eiginfjárstaða greinarinnar hefur einnig verið sveiflukennd og var hún neikvæð í 5 af þeim 12 árum sem tekin eru fyrir. Eftir umframframleiðslu árið 2003 glímdi greinin við rekstrarerfiðleika og var eiginfjárstaðan neikvæð um 5% en batnaði frá þeim tíma til ársins 2007. Líkt og með flestar greinar í íslensku atvinnulífi þá snérist þróunin til verri vegar árið 2008. Sveiflukenndur rekstur svínabúa er athyglisverður þar sem skilin eru skörp á milli góðæris og kreppu. Afgangur er hóflegur þegar vel árar en þegar kreppir að þá er niðursveiflan harkaleg. Hagnaður greinarinnar í hlutfalli við tekjur var mestur árið 2007 (19%) en verst var afkoman árin 2003 (-29%) og 2008 (-60%). Slæm afkoma greinarinnar árið 2008 skýrist af hruninu, enda vegur hækkun fjármagnsliða þar þungt. Margt bendir raunar til þess að rekstrarerfiðleikar hafi verið yfirvofandi vegna of mikilla fjárfestinga.

Í síðari hluta skýrslunnar er fjallað um reynslu Finna af aðild að ESB og þá þróun sem átt hefur sér stað þar frá aðild árið 1995. Fjölmarga sameiginlega þætti má finna með Íslandi og Finnlandi. Lífskjör eru svipuð, hagþróun hefur verið álíka auk þess sem bæði löndin eru fremur smá á evrópskan mælikvarða. Frá 1994 til 2008 fækkaði fyrirtækjum og störfum í finnskum landbúnaði umtalsvert en þrátt fyrir það dróst svæði undir landbúnaðarframleiðslu ekki saman. Svínaræktin tók einnig nokkrum breytingum og hefur býlum t.a.m. fækkað um yfir 60% en þrátt fyrir það hefur framleiðsla á svínakjöti

aukist og bú stækkað. Verð til framleiðenda svínakjöts lækkaði um yfir 60% á fáeinum árum eftir aðild vegna afnáms verndar. Frá þeim tíma hefur verð verið nokkuð stöðugt og hækkað lítillega. Verð á svínakjöti til neytenda lækkaði um fjórðung strax við aðild.

Svínakjöt er langveigamesta kjötafurð sem framleidd er í Finnlandi en um 200 milljón kg eru framleidd árlega en um eða innan við 100 þúsund kíló af nauta- og fuglakjöti. Mikil aukning hefur orðið í framleiðslu fuglakjöts frá aðild. Þrátt fyrir nokkurn samdrátt í útflutningi á svínakjöti strax eftir aðild þá hefur hann aukist mikið frá þeim tíma og er nú um tvöfalt meiri en hann var fyrir aðild. Innflutningur jókst mikið strax við aðild en þrátt fyrir það þá er útflutningur á svínakjöti enn nokkru meiri en innflutningur.

Meðal svínabú á Íslandi er nokkuð stærra en meðalbúið í Finnlandi. Íslensk bú framleiddu um 350 tonn af kjöti árið 2008 og voru með um 4.500 sláturdýr að meðaltali. Í Finnlandi eru búin minni og sláturdýrin rétt liðlega 1.000 talsins að meðaltali. Svipaða sögu má sjá þegar tekjur svínabúa á Íslandi og í Finnlandi eru skoðaðar. Þrátt fyrri að finnsk svínabú hafi tvöfaldað tekjur sínar á 10 árum að meðaltali þá eru þær samt sem áður umtalsvert lægri en héraendis. Áætlað er að meðaltekjur finnskra búa hafi verið innan við 40 milljónir króna árið 2008 samanborið við um 190 milljóna króna meðaltekjur skv. tölum Hagþjónustu landbúnaðarins. Verulegan hluta af þessum mikla mun má rekja til mismunandi stærðar búa á Íslandi og í Finnlandi.

Stuðningur við íslenskan landbúnað er mikill þegar horft er á tölur OECD um umfang verndar og styrkja. Styrkir og markaðsvernd er hærri héraendis en innan ESB eða OECD. Tölur OECD (PSE) benda til þess að um 53% tekna til íslenskra bænda á árunum 2007 til 2009 megi rekja til styrkja og verndar. Mest er verndin í Noregi, um 61% en meðaltalið innan OECD og ESB er rétt liðlega 20% á sama tímabili. Stuðningur, mældur með PSE, hefur farið lakkandi í svínarækt undanfarna áratugi á Íslandi líkt og í öðrum greinum landbúnaðar. Skv. mati OECD þá mátti rekja um 37% af tekjum bænda til markaðsverndar í svínarækt að meðaltali á árunum 2006 til 2010.

Heildarstyrkir til landbúnaðar í Finnlandi voru um 1.900 milljónir evra árið 2009. Um 60% af styrkjum til landbúnaðar í Finnlandi er fjármagnað af finnska ríkinu en um 40% af ESB. Þegar horft er á svínaræktina eingöngu þá má áætla að ESB fjármagni um fjórðung þeirra styrkja sem veittir eru til svínaræktar. Nokkrar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi styrkja til svínabænda undanfarnin ár. Styrkirnir hafa færst frá því að vera framleiðslutengdir í að miða við fasta fjárhæð sem er óháð framleiddu magni. Þess í stað er svína- og alifuglabændum greiddir styrkir sem miða að mestu við framleitt magn árið

2007. Þegar tölur um styrki til býla eru skoðaðar þá má sjá að styrkir hafa verið um 25% til 30% af tekjum bænda en heldur farið lækkandi allra síðustu ár. Í samanburði við önnur ríki ESB þá eru styrkir til finnskrar svínaræktar hátt hlutfall af tekjum. Einvörðungu svínabændur á Möltu reiða sig í jafn miklum mæli á styrki.

Í skýrslunni var áætlað hvernig rekstraraðstæður íslenskra svínabúa myndu breytast við aðild ef styrkir væru svipað hlutfall tekna og í Finnlandi. Miðað við verðmun á svínakjöti í ESB og á Íslandi þá er gert ráð fyrir að verð til bænda lækki um 39% í kjölfar aðildar ef ekki kemur til neinna styrkja eða mótvægisáðgerða. Við áætlun á afkomu svínabænda við aðild eru settar fram tvær megin sviðsmyndir. Sviðsmynd 1 gerir ráð fyrir 39% tekjulækkun til bænda en óbreyttu magni. Sviðsmynd 2 gerir ráð fyrir sömu tekjulækkun til bænda auk 48% samdráttar í framleiddu magni. Gert er ráð fyrir að fjármagnskostnaður lækki um 37,5% og breytilegur kostnaður um 5%. Ef litið er á sviðsmynd 1 (óbreytt magn en tekjusamdrátt) þá má sjá að umfang þeirra styrkja þyrfti að nema um 33%³ af *núverandi* tekjum greinarinnar til að tryggja sambærilega rekstrarafkomu eftir aðild og bændur búa við nú. Ef samdráttur verður umtalsverður í magni og verði, sbr. sviðsmynd 2, þá þarf aukna styrki sem myndu nema um 53%⁴ af *núverandi* tekjum greinarinnar til að tryggja sambærileg rekstrarskilyrði eftir aðild. Kostnaður við stuðninginn gæti numið um 600 til 1.000 milljóna króna. Af þeirri fjárhæð gæti kostnaður ríkissjóðs vegna stuðnings við svínarækt, m.v. reynslu Finna, verið á bilinu 400 til 750 milljónir króna árlega.

Ef gert er ráð fyrir því að greiddir styrkir á Íslandi nemi um 30% af heildartekjum svínaræktunarinnar, líkt og í Finnlandi, þá munu þeir styrkir fara langt með að tryggja svínaræktinni sambærileg rekstrarskilyrði og nú ef miðað er við sviðsmynd 1. Ef hinsvegar samdráttur verður einnig í magni, sbr. sviðsmynd 2, mun staða svínabænda versna til muna. Styrkir sem nema um 30% af tekjum eftir aðild munu ekki ná að brúa nema lítinn hluta þeirrar gjár sem myndast hefur milli rekstrarafkomu svínabænda fyrir og eftir aðild.

Fjölmarginir óvissuþættir eru um umfang þeirra áhrifa sem aðild að ESB kann að hafa. Stærsti óvissuþátturinn er fólgin í því að óljóst er á þessari stundu hvaða samningur fæst við Evrópusambandið og hvaða stuðning svínaræktin mun fá í honum. Aðrir óvissuþættir

³ Jafngildir um 50% af tekjum greinarinnar eftir aðild.

⁴ Jafngildir því að styrkir þyrftu að vera jafn háir og tekjur greinarinnar, þ.e. um 100% af tekjum greinarinnar eftir aðild.

eru m.a. breytingar á ytri aðstæðum, t.d. mikil lækkun á kjúklingakjöti sem muni raska hlutfallslegum verðum og arðvænleika ræktunar. Breytingar á markaðsstyrk heild- og smásala kann að hafa áhrif sem og veikari staða kjötvinnsla. Allt eru þetta þættir sem erfitt er að spá fyrir um og gætu haft nokkur áhrif á endanlega niðurstöðu en ekki er tekið tillit til þeirra þátta í ofangreindri greiningu.

Fleiri óvissuþættir eru í greiningunni sem þó þurfa ekki endilega að hafa neikvæð áhrif á heildarniðurstöðuna. T.a.m. leiddi afnám tolla á grænmeti árið 2002 til breyttrar samsetningar framleiðslu og aukinnar fjölbreytni í grænmetisræktun, sem þjónaði betur þörfum innlenda markaðarins.

Efnisyfirlit

Myndayfirlit.....	15
Töfluyfirlit:	16
1 Inngangur	19
Fyrri hluti: Staða svínaræktar á Íslandi.....	21
2 Yfirlit yfir stöðu svínaræktarinnar	21
2.1 Kjötframleiðsla hérlendis	21
2.1.1 Kjötneysla í samanburði við Norðurlönd	22
2.2 Innflutt svínakjöt.....	22
3 Fjöldi fyrirtækja og starfa	24
3.1 Fjöldi beinna og afleiddra starfa	24
3.1.1 Afleidd störf.....	25
3.1.2 Fjöldi fyrirtækja.....	25
3.2 Gjaldprot og nýskráningar	26
4 Velta og framleiðsla	27
4.1 Verðmætasköpun og þjóðhagslegt mikilvægi.....	27
4.2 Velta svínaræktar	28
4.3 Samanburður við landbúnað og búfjárrækt.....	29
4.4 Uppbygging svínaræktar hérlendis	31
4.5 Meðalbú	31
5 Verðþróun á svínakjöti.....	32
5.1 Skilaverð til bænda	32
6 Rekstrarafkoma svínaræktunar	34
6.1 Helstu hugtök	34
6.2 Efnahagsyfirlit í svínarækt - helstu stærðir og hlutföll	34
6.3 Rekstraryfirlit - helstu stærðir og hlutföll	36
6.4 Framleiðni í landbúnaði	38
6.4.1 Aðrir mælikvarðar á framleiðni	39
6.5 Framleiðni hvernar skepnu	41
7 Stuðningur við svínarækt	42
7.1 Vernd íslensks landbúnaðar	42
7.1.1 Skipting PSE stuðnings	43
7.1.2 Verð til bænda	44

Síðari hluti: Svínarækt í Finnlandi, Íslandi og ESB.....	47
8 Sameiginleg einkenni Íslands og Finnlands.....	47
9 Finnskur landbúnaður: Uppbygging og sögulegt yfirlit.....	49
9.1 Þróun kjötframleiðslu.....	49
9.2 Uppbygging svínabúa í Finnlandi.....	51
9.3 Inn- og útflutningur á svínakjöti.....	52
9.4 Verð til framleiðenda.....	52
9.5 Smásöluverð á svínakjöti.....	53
9.5.1 Smásöluverð á svínakjöti í Evrópu.....	54
10 Rekstrarumhverfi finnskrar svínaræktar.....	56
10.1 Styrkir í finnskum landbúnaði.....	56
10.1.1 Breytt styrkjakerfi ESB.....	57
10.2 Heildarstuðningur til finnsks landbúnaðar.....	58
10.3 Breytingar á finnska styrkjakerfinu 2009.....	59
11 Rekstraryfirlit - FADN og Economy Doctor.....	60
11.1 Rekstur bóa - dæmi.....	60
11.1.1 Fjármögnun styrkja til svínabænda.....	61
11.1.2 FADN-svínarækt.....	61
12 Íslensk svínabú í finnsku umhverfi.....	63
12.1 Forsendur.....	63
12.1.1 Breyting einstakra kostnaðarliða.....	63
12.1.2 Vægi kostnaðarliða.....	64
12.1.3 Fjarlægðarvernd og Íslandsálag.....	65
12.1.4 Gengisþróun.....	65
12.1.5 Verð og framleitt magn.....	65
12.1.6 Framleitt magn.....	66
12.2 Íslensk svínabú eftir aðild.....	67
12.2.1 Umfang styrkja.....	68
12.2.2 Svínabú með styrkjum.....	69
12.3 Óvissuþættir.....	70
13 Niðurlag.....	72
14 Heimildaskrá.....	75
15 Viðauki.....	79
15.1 Tæknileg skilgreining flokka.....	79
15.2 Myndir og töflur.....	79

Myndayfirlit

Mynd 1: Neysla á innlendu kjöti per íbúa. M.v. mannfjölda 1. janúar ár hvert.	21
Mynd 2: Samanburður við Norðurlöndin á kjötneyslu á hvern íbúa árið 2009. ¹ Tölur fyrir árin 2007 fyrir Svíþjóð og Ísland.....	23
Mynd 3: Velta svínaræktarinnar á verðlagi hvers árs.....	28
Mynd 4: Framleiðslu- og vinnsluvirði í svínarækt á föstu verðlagi(2009).....	29
Mynd 5: <i>Vinnsluvirði í landbúnaði, annarri búfjárrækt, alifuglarækt og svínarækt</i> (ÍSAT 95 flokkun). (Vísitala 1997=100).....	30
Mynd 6: Framleiðsluvirði í landbúnaði, annarri búfjárrækt, alifuglarækt og svínarækt (ÍSAT 95 flokkun. (Vísitala 1997=100).....	30
Mynd 7: Smásöluverð á svínakjöti og svínakjötsafurðum. Á föstu verðlagi ársins 2011. Meðalverð tveggja síðustu mælinga. Mynd B-4 í viðauka sýnir verðþróun á nafnvirði (þ.e. verðlagi hvers árs).	32
Mynd 8: PSE stuðull í nokkrum ríkjum (meðaltal 2007 til 2009).....	42
Mynd 9: PSE stuðull einstakra afurða á Íslandi frá 1986 til 2010.....	43
Mynd 10: Hlutfall afurðaverðs á svínakjöti til íslenskra og evrópskra bænda og innflutningsverðs (vörur á sama framleiðslustigi ásamt flutningskostnaði).	44
Mynd 11: Framleiðsla á kjöti í Finnlandi skipt eftir afurð.	50
Mynd 12: Fjöldi eldissvína(yfir 50 kg) eftir landssvæðum(hægra megin).....	56
Mynd 13: Styrkveitingasvæði í finnskum landbúnaði (vinstra megin).	56
Mynd 14: Þróun útgjalda til CAP og skipting þeirra frá 1980 til 2009.	58
Mynd B- 1: Framleiðsla innanlands á kjöti mælt í tonnum.	79
Mynd B- 2: Laun og tengd gjöld í svínarækt á breytilegu og föstu verðlagi (2008).....	80
Mynd B- 3: Framleiðslu- og vinnsluvirði landbúnaðar og búfjárræktar á föstu verðlagi(2009).....	80
Mynd B- 4: Smásöluverð á svínakjöti og svínakjötsafurðum. Á verðlagi hvers árs. Meðalverð tveggja síðustu mælinga.	82
Mynd B- 5: Skilaverð á landbúnaðarafurðum á föstu verðlagi. Vísitala (1998=100).	82
Mynd B- 6: Verðbólga á Íslandi og Finnlandi frá 1991 og spá til 2016.....	84
Mynd B- 7: Hagvöxtur á Íslandi og Finnlandi frá 1991 og spá til 2016..	85

Töfluyfirlit:

Tafla 1: Innlend framleiðsla, útflutningur og birgðir í árslok af svínakjöti.....	22
Tafla 2: Innflutningur á svínakjöti frá 1995 til 2010.....	23
Tafla 3: Fjöldi ársverka og fjöldi starfandi í svínarækt (ÍSAT 95 flokkun).	24
Tafla 4: Fjöldi afleiddra starfa í svínarækt (ársverk).....	25
Tafla 5: Fjöldi fyrirtækja sem greiða laun (endurgjald) eftir tegund framleiðslu.1	26
Tafla 6: Hlutdeild landbúnaðar og búfjárræktar í VLF (ÍSAT 95 flokkun).	27
Tafla 7: Vægi svínaræktar af verðmætasköpun landbúnaðar og búfjárræktar.1	28
Tafla 8: Meðalstærð og framleiðsla á hverju svínabúi.	31
Tafla 9: Skilaverð til bænda á landbúnaðarafurðum (kr. á hvert kg). Á verðlagi hvers árs.....	32
Tafla 10: Efnahagsyfirlit svínaræktarinnar (m.kr. á verðlagi hvers árs).	35
Tafla 11: Rekstraryfirlit svínaræktarinnar (m.kr. á verðlagi hvers árs).1	37
Tafla 12: Hlutfall aðfanga af vinnsluvirði.	38
Tafla 13: Nokkrir mælikvarðar á framleiðni og arðsemi.....	40
Tafla 14: Kjötafurðir af hverri skepnu að meðaltali (kg).	41
Tafla 15: Umfang landbúnaðarframleiðslu hérlendis og hlutfall metins stuðnings (skiptí markaðsvernd og beina styrki).	44
Tafla 16: Fjöldi býla flokkað eftir tegund framleiðslu í Finnlandi.	50
Tafla 17: Meðalstærð svínabýla (fjöldi sláturdýra á hvert býli1).....	50
Tafla 18: Inn- og útflutningur á svínakjöti (milljón kg).	52
Tafla 19: Verð á svína- og nautakjöti til framleiðenda (€1/100kg).....	53
Tafla 20: Verð á svínakjöti til framleiðenda (€/100kg).....	53
Tafla 21: Smásöluverð á svínakjöti í aðdraganda og kjölfar aðildar að ESB (FIM/kg).	53
Tafla 22: Verð á svínakótelettum í nokkrum Evrópuríkjum í Evrum1 (Verð í júní ár hvert).....	54
Tafla 23: Heildarstuðningur við landbúnað í Finnlandi.	58
Tafla 24: Tekjuskipting býlis í svínarækt (þúsund € per býli að meðaltali).	60
Tafla 25: Heildartekjur svínabúa og styrkir í nokkrum Evrópuríkjum (€, nema annað sé tekið fram).	61
Tafla 26: Hlutfallslegt verð á svínakjöti í ESB og Íslandi eftir að búið er að leiðrétta fyrir raungengissveiflur (meðaltal árána 2006 til 2009).1.....	66
Tafla 27: Áætlun á afkomu svínaræktar m.v. inngöngu í ESB (án styrkja og/eða mótvægisáðgerða).1	67

Tafla 28: Áætluð stuðningsþörf til svínabænda vegna aðildar að ESB (í milljónum króna).....	68
Tafla 29: Áætlun á afkomu svínaræktar m.v. inngöngu í ESB (með styrkjum og/eða mótvægisáðgerðum af svipuðum skala og í Finnlandi).	69
Tafla A- 1: Vinnsluvirði í landbúnaði á föstu verðlagi (2009).....	81
Tafla A- 2: Framleiðsluvirði í landbúnaði á föstu verðlagi (2009).	81
Tafla A- 3: Fjöldi starfandi í landbúnaði skipt eftir búgreinum frá 1998 til 2005.	81
Tafla A- 4: Skilaverð á landbúnaðarafurðum á föstu verðlagi ársins 2008.....	83
Tafla A- 5: Fjöldi gjaldþrota eftir búgrein frá 1998 til 2007 (ÍSAT 95).1	83
Tafla A- 6: Fjöldi nýskráðra fyrirtækja eftir búgrein frá 1998 til 2007 (ÍSAT 95).1	83
Tafla A- 7: Fjöldi sláturdýra og þyngd í Finnlandi.1	84
Tafla A- 8: Nafn- og raunverðsbreyting á verði nokkurra búvara frá 1998 til 2008.	85
Tafla A- 9: Umfang landbúnaðarframleiðslu innan Evrópusambandsins.	85
Tafla A- 10: Rekstraryfirlit svínaræktarinnar (m.kr á verðlagi hvers árs), paraður samanburður	86

1 Inngangur

Miklar breytingar hafa átt sér stað á neyslumynstri matvæla hér á landi á undanförunum áratugum. Meðan neysla á lambakjöti hefur dregist saman hefur neysla á kjúklingum og svínakjöti vaxið hratt. Markmið þessarar skýrslu er að fjalla um þróun svínaræktarinnar hér á landi á undanförunum árum og varpa ljósi á samkeppnisstöðu greinarinnar gagnvart mögulegri aðild að Evrópusambandinu.

Skýrslunni er skipt í tvo megin hluta. Í fyrri hluta skýrslunnar er yfirlit yfir framleiðslu á kjöti hérlendis og þjóðhagslegt mikilvægi svínaræktarinnar. Svínaræktin hefur ekki lotið opinberri framleiðslustýringu né heldur framleiðslustyrkja umfram markaðsvernd. Þróun svínakjötsframleiðslunnar hefur því einkennst af stórum framleiðslueiningum og mikilli samþjöppun. Uppbygging framleiðslugetu hefur verið hröð og ekki alltaf í fullum takti við markaðinn. Af þessum sökum hafa skipst á skin og skúrir rekstri fyrirtækja í þessum geira. Tímabilum mikillar fjárfestingar hafa fylgt tímabil lágs verðs og rekstrarerfiðleika. Í skýrslunni er rekstur svínaræktarinnar og arðvænleiki kannaður. Dregnar eru fram lykiltölur um mikilvægi svínaræktarinnar fyrir þjóðarþúið í heild, s.s. verðmæti og umfang framleiðslu, hlutdeild í verðmæti landbúnaðarframleiðslu, þróun beins og óbeins stuðnings og verðmætasköpun. Einnig er gerð rekstrarleg greining á svínaræktinni, skoðaður er fjöldi fyrirtækja, starfa og afleiddra starfa. Loks er framleiðni svínaræktarinnar metin og þróun hennar skoðuð. Í skýrslunni er einnig horft til reynslu grænmetisbænda af áhrifum afnáms tollverndar á nokkrum tegundum grænmetis árið 2002 og hvaða lærdóm megi draga af þeirri reynslu.⁵

Í síðari hluta skýrslunnar er fjallað um áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu á svínaræktina. Aðild að Evrópusambandinu mun breyta rekstrarumhverfi landbúnaðar hérlendis. Áhrifin á einstakar greinar landbúnaðarins hafa hinsvegar verið óljós. Í skýrslunni er einkum horft til reynslu Finna af aðild og reynt að heimfæra finnsk gögn upp á íslenskar aðstæður. Lagt er mat á hvaða breytingar aðild Íslands að Evrópusambandinu gæti haft á íslenska svínabændur í ljósi reynslu Finna.


⁵ Sú umfjöllun byggir á sambærilegri skýrslu sem unnin var fyrir garðyrkjubændur. Björn Þór Arnarson og Daði Már Kristófersson, 2010. *Staða og horfur garðyrkjunnar -Ísland og Evrópusambandið*. Skýrsla nr. C10:05. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Fyrri hluti: Staða svínaræktar á Íslandi

2 Yfirlit yfir stöðu svínaræktarinnar⁶

2.1 Kjötframleiðsla hérlendis

Neysla og framleiðsla á kjöti hérlendis hefur breyst undanfarna áratugi. Af mynd 1 hér að neðan má sjá minnkandi neyslu á hvern íbúa á dillkakjöti en vaxandi neyslu á svína- og kjúklingakjöti. Neysla á innlendu svínakjöti hefur aukist stöðugt allt frá 1983 til ársins 2002. Neyslan fer úr tæpum 4 kg á hvern einstakling í um 10 kg árið 1990 en frá árinu 2002 hefur neyslan staðið í stað og verið um 20 kg á hvern íbúa. Neysla svínakjöts hefur því fimmfaldast frá upphafi tímabilsins.



Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundu

Mynd 1: Neysla á innlendu kjöti per íbúa. M.v. mannfjölda 1. janúar ár hvert.

Svipaða þróun má greina í neyslu alifuglakjöts þó aukningin hafi byrjað nokkru síðar. Neysla alifuglakjöts hefur aukist úr um fjórum kílóum á hvern einstakling árið 1983 í tæp 8 kíló árið 1998. Frá þeim tíma hefur neyslan hins vegar tæplega þrefaldast og var 22,6 kíló á hvern einstakling árið 2009. Neysla á nautakjöti hefur verið nokkuð stöðug á tímabilinu en sala á innlendu dillkakjöti hefur dregist saman um 57% þegar horft er yfir allt tímabilið. Neysla dillkakjöts breyttist lítið á árunum 1999 til 2008 en dróst

⁶ Tæknilega skilgreiningu á þeim flokkum búgreina sem notaðar eru í þessari skýrslu má finna í viðauka.

nokkuð saman í kjölfar bankahrunsins árið 2009. Af mynd B-1 í viðauka má finna upplýsingar um framleiðslusamsetningu innlends kjöts mælda í tonnum.

Mikil aukning hefur verið á framleiðslu á svínakjöti undanfarna áratugi. Þróunin er svipuð þeirri og mátti greina á mynd 1 hér að framan er sýndi umtalsverða aukningu á neyslu svínakjöts á hvern íbúa.

Tafla 1: Innland framleiðsla, útflutningur og birgðir í árslok af svínakjöti.

	1983	1993	1998	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi sláturdýra (í þúsundum)	22,4	52,7	57,0	69,0	72,9	79,5	72,4	71,0	75,6	81,3	85,3	83,9	79,8
Framleiðsla í tonnum	1267	3212	3886	5284	6011	6205	5597	5300	5744	6088	6645	6375	6158
Selt innanlands í tonnum	890	3211	3887	5281	5777	5976	5475	5300	5744	6088	6650	6357	6025
Útflutt í tonnum	234	124	0	0	0	0	0	156
Birgðir í árslok í tonnum	103	1	2	5	6	1	0	0	0	0	0	22	322

Heimild: Hagstofa Íslands (2011)

Töluverð fjárfesting var í svínarækt í kringum aldamótin sem sjá má af umtalsverðri aukningu í framleiðslu. Framleiðslan óx um 60% frá árinu 1998 til 2003, þar af um 30% frá árinu 2001. Þrátt fyrir að neysla hafi aukist umtalsvert á hvern íbúa á tímabilinu þá var framleiðslan töluvert umfram eftirspurn sem leiddi af sér umframframleiðslu á árunum 2003 og 2004. Í kjölfarið voru tæplega 370 tonn af svínakjöti flutt út. Svipuð merki má sjá nú en 156 tonn voru flutt út árið 2010 auk þess sem birgðir á árslok vorum umtalsverðar eða liðlega 320 tonn.


2.1.1 Kjötneysla í samanburði við Norðurlönd

Kjötneysla hér á landi er ögn frábrugðin Norðurlöndunum. Af mynd 2 hér að neðan má sjá að við neytum töluvert minna af nautakjöti en meira af fuglakjöti en hin Norðurlöndin. Mestan mun má þó sjá í neyslu á dilka- og svínakjöti.

Neysla á dilkakjöti er umtalsvert meiri héraendis, um 23 kg á hvern íbúa, samanborið við hin Norðurlöndin þar sem neyslan er innan við 5 kg á hvern íbúa. Neysla á svínakjöti er hins vegar nokkru minni hér á landi. Neysla á svínakjöti var t.a.m. um 35 kg á hvern íbúa í Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð, um 25 kg í Noregi en minnst á Íslandi, um 20 kg.

2.2 Innflutt svínakjöt

Innflutningur á svínaafurðum hefur verið nokkur undanfarin ár. Innflutningurinn hefur vaxið umtalsvert undanfarin ár úr því að vera innan við 10 tonn árið 1997 þar til innflutningur náði hámarki á árunum 2007 og 2008 er hann var um 280 tonn. Frá þeim tíma



Heimild: Nordic Statistical Yearbook (2009)

Mynd 2: Samanburður við Norðurlöndin á kjötneyslu á hvern íbúa árið 2009.¹ Tölur fyrir árin 2007 fyrir Svíþjóð og Ísland.

hefur innflutningur dregist saman og var hann um 130 tonn árið 2010. Útlit er þó fyrir að innflutningur sé farinn að aukast á ný því tæplega 160 tonn voru flutt inn af svínakjöti fyrstu 6 mánuði ársins 2011. Athuga ber að í tölunum hér að neðan er ekki tekið tillit til samsetningar eða gæða þeirra afurða sem fluttar eru inn.

Tafla 2: Innflutningur á svínakjöti frá 1995 til 2010.⁷

	1995	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ²
Þyngd (tonn)	3,9	16,8	12,4	16,4	10,3	20,5	21,8	73,8	281,3	279,8	181,7	130,1	159,8
Verð (m.kr)²	1,6	8,3	4,6	11,5	14,7	23,5	25,5	59,1	133,8	171,3	158,5	119,1	109,1
Verð (kr/kg)³	408	493	369	702	1.429	1.144	1.166	800	476	612	873	911	683

1. CIF verð. 2. Tölur fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2011. 3. Innflutningsverð, krónur per kíló af innfluttu svínakjöti óháð tegund eða gæðum.

Heimild: Hagstofa Íslands (2011)

Ef horft er á innflutningsverð svínakjöts þá hefur það sveiflast nokkuð. Verð hækkaði umtalsvert árin eftir aldamót og náði hámarki árið 2003 er meðal kílóverð var um 1.400 krónur. Verðið lækkaði nokkuð eftir það og var innan við 500 krónur árið 2007 er innflutningur var í hámarki. Með veikingu krónunnar árin 2008 og 2009 hækkaði innflutningsverð umtalsvert. Vísendingar eru hinsvegar um að innflutningsverð hafi lækkað árið 2011.

⁷ Innflutningur samkvæmt tollskrá á öllum svínaafurðum. Ekki er tekið tillit til samsetningar innflutnings. Innflutningur á lifandi dýrum er undanskilinn.

3 Fjöldi fyrirtækja og starfa

Í þessum kafla er leitast við að meta stærð greinarinnar út frá fjölda starfa, launakostnaði og fjölda fyrirtækja. Skoðuð er núverandi staða og þróun þessara málaflokka undanfarinn áratug.

3.1 Fjöldi beinna og afleiddra starfa

Í tölum frá Hagstofu Íslands sem birtust í Hagi landbúnaðarins kemur fram að alls hafi 83 starfað í aðal- eða aukastarfi við svínarækt árið 2005 og verið á niðurleið (Hagþjónusta landbúnaðarins, 2009). Tölurnar ná einvörðungu til ársins 2005. Ekki er tekið tillit til starfshlutfalls í tölum um ársverk.

Í töflu 3 hér að neðan er fjöldi ársverka í svínarækt áætlaður. Til að áætla fjölda ársverka eru tölur Hagstofunnar um laun og tengd gjöld fyrir svínarækt notaðar.⁸ Launatengd gjöld eru áætluð 20% af launakostnaði og við áætlun á heildarlaunum í svínarækt eru heildarlaun almenns starfsfólks í matvælaíðnaði, samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar, notuð til viðmiðunar.⁹

Tafla 3: Fjöldi ársverka og fjöldi starfandi í svínarækt (ÍSAT 95 flokkun).

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi ársverka	52	69	44	57	83	96	99	92	93	95	72
Fjöldi starfandi¹	106	106	101	111	99	82	83	n.a.	n.a.	n.a.	n.a.

Heimild: Hagstofa Íslands (2011), Hagþjónusta landbúnaðarins (2010) og útreikningar höfundar.

Samkvæmt þessum forsendum eru ársverk í svínarækt áætluð 72 árið 2009 og hafa vaxið úr um 52 frá árinu 1999. Tæplega fjórðungsfækkun í fjölda ársverka má sjá í tölunum milli áranna 2008 og 2009. Athuga ber að hér er um ársverk að ræða sem miðast við það að allir aðilar séu í fullu starfi. Athygli vekur að þróun í fjölda ársverka og fjölda starfandi er ekki samhljóða. Fjöldi starfandi í svínarækt fer fækkandi allt frá 1999 til 2005 en á sama tíma fjölgar ársverkum í greininni nokkuð samkvæmt ofangreindum forsendum. Gæti þetta skýrst af því að búum fækkaði á þessu tímabili og framleiðslan hafi því færst á færri og stærri bú. Sjá einnig töflu 5 neðar í skýrslunni

Slíkur munur skýrist að einhverju leyti af því að ársverkin vísa til þess að viðkomandi einstaklingur sé í fullri vinnu en í tölum um fjölda starfandi er horft framhjá starfshlutfalli viðkomandi. Þannig gæti munurinn skýrst af því að færri einstaklingar

⁸ Tölurnar aðgengilegar í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga. Sjá einnig tölur af mynd B-2 í viðauka.

⁹ Launatengd gjöld eru áætluð 20%. Að þeim frádregnum er launakostnaði deilt með heildarlaunum almenns verkafólks á almennum vinnumarkaði samkvæmt starfsstéttaflokkun Hagstofunnar.

starfi í greininni en fleiri hafi það þess í stað sem aðalstarf. Einnig gæti þróunin verið skýrð af því að laun hafi verið lægri í upphafi tímabilsins og hækkað meira en sá viðmiðunarflokkur sem er notaður og vanmeti því fjölda ársverka í upphafi tímabilsins. Líkt og sjá má af mynd B-2 í viðauka þá hafa laun og tengd gjöld ríflega þrefaldast að raunvirði sem bendir til þess að störfum hafi fjölgað nokkuð í greininni.

3.1.1 Afleidd störf

Engar opinberar tölur eða áætlanir eru til um fjölda afleiddra starfa í svínarækt. Í töflu 3 hér að neðan eru afleidd störf áætluð miðað við ákveðnar forsendur. Stuðst er við úrtak Hagþjónustu landbúnaðarins á rekstri svínabúa. Úrtakið er því næst notað til að meta vægi einstakra kostnaðarliða innan svínaræktarinnar. Loks eru afleidd störf áætluð út frá þeim kostnaði¹⁰ sem fellur til innan svínaræktar og skapar afleidd störf.

Tafla 4: Fjöldi afleiddra starfa í svínarækt (ársverk).

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008 ¹
Fjöldi afleiddra starfa	91	57	76	110	102	114	106	107	115	128

Tölur fyrir 2009 og 2010 ekki aðgengilegar

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins (2010) og útreikningar höfundu

Afleidd störf í svínarækt voru rétt ríflega 90 árið 1999 en hefur fjölgað nokkuð frá þeim tíma og voru um 115 árið 2007 og tæplega 130 árið 2008.¹¹ Yfir fjórðungshækkun var á árunum 1999 til 2007 en um 40% ef allt tímabilið er skoðað.

3.1.2 Fjöldi fyrirtækja

Fyrirtækjum í landbúnaði hefur almennt farið fækkandi undanfarin ár. Af töflu 5 hér að neðan má sjá þróun á fjölda fyrirtækja sem greiða laun í helstu greinum landbúnaðar utan garðyrkju.

Umtalsverð fækkun hefur verið á fyrirtækjum í öllum flokkum sem tilgreindir eru hér að ofan. Mest er fækkunin í svínarækt, úr 42 fyrirtækjum í 17 árið 2007, eða um 60% (19 árið 2010 en þar er m.v. ÍSAT 2008 flokkunarkerfið). Svipaða þróun má greina í öðrum greinum en þó hefur fækkun fyrirtækja verið hlutfallslega minni. Fækkunin var á milli 21% til 31% í sauðfjár-, nautgripa- og blandaðri búfjárrækt. Minnst var hún í hrossarækt eða 8%. Fréttir hafa

¹⁰ Innlendum kostnaði er skipt í tvo flokka, flokk þar sem launakostnaður er talinn vera hátt hlutfall þess kostnaðar sem garðyrkjan er að greiða fyrir og hins vegar lágt hlutfall kostnaðar. Stuðst er við 10% og 40% í því sambandi. Þær tölur eru áætlaðar miðað við hlutfall launakostnaðar af rekstrartekjum í heildsölu annars vegar og þjónustugreinum hins vegar.

¹¹ Afleidd störf eru áætluð út frá ákveðnum kostnaðarliðum. Umtalsverð hækkun á kostnaði átti sér stað í aðdraganda og kjölfar efnahagshrunsins sem gæti valdið bjögum í þá veru að aukning afleiddra starfa sé hugsanlega ofmetin milli áruna 2007 og 2008.

verið af sameiningum svínabúa á árunum 2010 og 2011 en engar opinberar tölur eru til um fjölda starfandi bóa.^{12 13}

Tafla 5: Fjöldi fyrirtækja sem greiða laun (endurgjald) eftir tegund framleiðslu.¹

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Nautgriparækt	1194	1167	1141	1077	1027	973	943	901	860	828
Sauðfjárrækt	1200	1167	1140	1128	1061	1033	988	1004	962	946
Hrossarækt	84	75	73	67	65	53	60	68	71	77
Svínarækt	42	40	40	37	35	31	27	20	21	17
Alifuglarækt	35	33	35	35	34	33	31	28	26	25
Blönduð búfjárrækt	426	419	409	376	355	332	324	332	322	322

Fyrirtækjum er skipt eftir ÍSAT 95 flokkunarkerfinu. Tölur fyrir árin 2008 til 2010 eru eingöngu til samkvæmt ÍSAT 2008 flokkunarkerfinu og eru ekki sambærilegar við þessar tölur. Fjöldi fyrirtækja í svínarækt er skv. því kerfi stöðugur um 19 öll árin.

Heimild: Hagstofa Íslands (2010)

3.2 Gjaldþrot og nýskráningar

Fyrirtækjum í svínarækt hefur fækkað nokkuð undafarin ár, samanber töflu 5 hér að framan. Hins vegar hafa skráð gjaldþrot ekki verið ýkja mörg. Engin gjaldþrot voru á tímabilinu frá 1998 til 2003 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Frá árinu 2004 til ársins 2010 hafa átta fyrirtæki orðið gjaldþrota og hafa gjaldþrotin dreifst nokkuð jafnt yfir tímabilið. Athuga ber að sameiningar bóa geta bjagað þessa mynd sem og að áhrif bankahrunsins hafa ekki verið komin að fullu fram árið 2010 í fjölda gjaldþrota. Til samanburðar þá hafa þrjú gjaldþrot átt sér stað í alifuglarækt á sama tímabili. Alls hafa 14 fyrirtæki verið nýskráð í svínarækt frá árinu 1999 og hafa nýskráningarnar dreifst nokkuð jafnt yfir tímabilið. Yfirlit yfir fjölda gjaldþrota og nýskráninga má finna í töflum A-5 og A-6 í viðauka.

¹² Samkvæmt fréttum RÚV gætu búnir verið rétt liðlega 10 talsins í ágúst 2010,

<http://www.ruv.is/frett/arion-banki-selur-svinabu>

¹³ Övissa ríkir þó um sameiningar svínakjötsframleiðenda eftir að Samkeppniseftirlitið ógilti samruna Stjórnugrúss við Brautarholt og Grísagarð. Sjá hér. <http://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/1849>

4 Velta og framleiðsla

Til að fá mynd á stærð svínaræktarinnar í veltu og verðmætasköpun er horft til gagna í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands. Þar má finna tölur um framleiðsluvirði og vinnsluvirði atvinnugreina. Athuga ber þó að tölurnar um svínarækt gefa einvörðungu grófa mynd af heildarumsvifum í svínarækt en ágætt er að skoða þær til að fá sýn á þróun greinarinnar. Vinnsluvirði er eins konar mælikvarði á þau verðmæti sem framleiðslan skapar og er notað í þjóðhagsreikningum til að meta þann virðisauka eða verðmætasköpun sem framleiðsla afurða eða þjónustu leiðir af sér. Vinnsluvirði er skilgreint sem framleiðsluvirði að frádregnum aðföngum. Samtala vinnsluvirðis jafngildir vergri landsframleiðslu (VLF). Þegar rætt er um verðmætasköpun í þessari skýrslu er verið að vísa til vinnsluvirðis.

4.1 Verðmætasköpun og þjóðhagslegt mikilvægi

Til að meta vægi einstakra greina til þjóðarbúsins er hlutdeild hvernar greinar reiknuð sem hlutfall vinnsluvirðis af VLF.

Tafla 6: Hlutdeild landbúnaðar og búfjárræktar í VLF (ÍSAT 95 flokkun).

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Landbúnaður og dýraveiðar	1,64%	1,64%	1,64%	1,34%	1,37%	1,35%	1,26%	1,23%	1,18%	1,12%	1,17%	1,30%
Búfjárrækt	1,35%	1,37%	1,34%	1,08%	1,10%	1,06%	0,98%	0,95%	0,89%	0,83%	0,88%	0,96%
<i>Svínarækt</i>	0,08%	0,08%	0,08%	0,07%	0,05%	0,03%	0,07%	0,09%	0,12%	0,11%	0,10%	0,08%
<i>Alifuglarækt</i>	0,10%	0,11%	0,09%	0,02%	0,05%	0,07%	0,05%	0,06%	0,07%	0,07%	0,07%	0,09%
<i>Önnur búfjárrækt</i>	1,18%	1,19%	1,16%	1,00%	1,00%	0,95%	0,86%	0,81%	0,71%	0,65%	0,71%	0,80%

Heimild: Hagstofa Íslands (2011), útreikningar höfundar

Af töflunni hér að ofan má sjá vægi hvernar greinar búfjárræktar fyrir sig af landsframleiðslu. Hlutdeild svínaræktarinnar hélst nokkuð stöðug frá 1998 til 2004, að árinu 2003 undanskildu. Vægi svínaræktunarinnar fór vaxandi frá 2003 til 2007 en hefur nú dregist ögn saman. Vægi landbúnaðar sem heild óx nokkuð árið 2009 sem bendir til þess að landbúnaðurinn hafi haldið sinni stöðu á meðan aðrar greinar hafi gefið meira eftir sem leitt hefur til aukins vægis greinarinnar.

Þegar sundurliðun á vægi einstakra greina innan landbúnaðarins er skoðuð má sjá að vægi svínaræktarinnar hefur verið á bilinu 2,5% til tæplega 10% af verðmætasköpun landbúnaðarins. Sjá töflu 7 hér að neðan.

Tafla 7: Vægi svínaræktar af verðmætasköpun landbúnaðar og búfjárræktar.¹

	1998	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Af búfjárrækt	5,73%	5,93%	6,18%	4,20%	3,24%	7,25%	9,15%	12,87%	13,13%	11,43%	8,55%
Af landbúnaði	4,73%	4,83%	4,98%	3,36%	2,54%	5,63%	7,13%	9,77%	9,73%	8,59%	6,36%


1.Reiknað sem hlutfall vinnsluvirðis svínaræktar af hlutdeild landbúnaðar og búfjárræktar í VLF.

Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundar

Í kjölfar samdráttar í greininni frá 2001 til 2003 drógust umsvif hennar hratt saman og fór verðmætasköpunin lægst í um 2,5% af verðmætasköpun landbúnaðarins. Hraður viðsnúningur átti sér stað í kjölfarið og fór vægi greinarinnar hæst í tæp 10% af verðmætasköpun árin 2006 og 2007. Vægi svínaræktarinnar í verðmætasköpun landbúnaðarins hefur minnkað frá þeim tíma og var ríflega 6% árið 2009.

4.2 Velta svínaræktar

OECD tekur saman tölur um veltu einstakra búgreina. Samkvæmt tölum stofnunarinnar þá hefur velta svínaræktarinnar tvöfaldast frá árinu 2003 og er áætluð tæplega tveir milljarðar árið 2009. Sjá mynd 3 hér að neðan.




Heimild: OECD (2011)

Mynd 3: Velta svínaræktarinnar á verðlagi hvers árs.

Annar mælikvarði á umsvif svínaræktar eru tölur um framleiðsluvirði sem hægt er að nálgast í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga. Framleiðsluvirði er það heildarverð sem framleiðendur fá í sinn hlut fyrir framleiðslu sína og gefur mynd af umfangi greinarinnar. Athuga ber að inni í þessum tölum eru ýmsar aðrar tekjur sem svínabændur kunna að hafa af öðru en framleiðslu á svínakjöti.¹⁴ Vinnslu- og framleiðsluvirði svínaræktar má sjá af mynd 4 hér að neðan.

¹⁴ Skv. tölum frá Bændasamtökunum sem sjá má í töflu 15 er söluvirði svínakjöts talið hafa verið um 1.800 milljónir árið 2010.



Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfund

Mynd 4: Framleiðslu- og vinnsluvirði í svínarækt á föstu verðlagi(2009).¹⁵

Bæði framleiðslu- og vinnsluvirði svínaræktar hefur vaxið nokkuð á föstu verðlagi frá árinu 1997. Erfiðleika í greininni má vel sjá af samdrætti í verðmætasköpun og að nokkru leyti í framleiðsluvirði á árunum 2002 og 2003 en frá þeim tíma hefur vöxtur verðmætasköpunar verið ör. Þegar horft er yfir allt tímabilið þá hefur framleiðsluvirði svínaræktarinnar vaxið úr tæpum ríflega 2.100 milljónum í tæplega 5.000 á föstu verðlagi en umtalsverður samdráttur varð árið 2009. Aukningin er um 55% á öllu tímabilinu. Verðmætasköpun (vinnsluvirði) hefur á sama tíma aukist úr 830 milljónum í um 1.200 milljónir sem jafngildir um helming aukningu.


4.3 Samanburður við landbúnað og búfjárrækt

Þá aukningu sem sjá mátti af mynd 4 hér að framan má einnig greina í alifuglarækt en ekki öðrum greinum íslensks landbúnaðar. Þetta má sjá af mynd 5 hér að neðan.

Á myndinni hér að ofan er vinnsluvirði sett jafnt og 100 árið 1997 í öllum greinum landbúnaðarins. Frá þeim tíma er þróun verðmætasköpunar (vinnsluvirðis) skoðuð. Verðmætasköpun landbúnaðar hefur aukist um fimmtung á tímabilinu en staðið í stað í annarri búfjárrækt. Nokkur aukning hefur verið í verðmætasköpun alifuglaræktunar og nemur aukningin rúmlega 50% á öllu tímabilinu. Greinileg merki má sjá um þá erfiðu stöðu sem svínaræktin var í á árunum 2001 til 2003 er verðmætasköpun greinarinnar dregst saman um helming. Frá þeim tíma hefur hún vaxið hröðum skrefum og er aukningin sambærileg við alifuglaræktina. Merki bankakreppunnar eru einnig mun skýrari í verðmætasköpun svínaræktar en annarra greina líkt og sjá má af snörpum samdrætti árið 2009. Líkt og fyrr sagði þá er


¹⁵ Með föstu verðlagi er átt við að búið er að leiðrétta fyrir þær breytingar sem hafa orðið á almennu verðlagi vegna verðbólgu.

framleiðsluvirði einskonar mælikvarði á umfang atvinnugreina. Af mynd 6 hér að neðan má sjá samanburð á þróun framleiðsluvirðis í landbúnaði undanfarin ár og sett fram með sama hætti og hér að framan.



Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundu

Mynd 5: Vinnsluvirði í landbúnaði, annarri búfjárrækt, alifuglarækt og svínarækt (ÍSAT 95 flokkun). (Vísitala 1997=100).



Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundu

Mynd 6: Framleiðsluvirði í landbúnaði, annarri búfjárrækt, alifuglarækt og svínarækt (ÍSAT 95 flokkun). (Vísitala 1997=100).

Framleiðsluvirði svínaræktarinnar hefur aukist nokkuð meira á tímabilinu frá 1997 til 2009 en annarra greina í landbúnaði. Aukningin nemur ríflega 50% þrátt fyrir umtalsverðan samdrátt á milli árána 2008 og 2009. Í öðrum greinum landbúnaðar hefur veltan aukist mun minna eða um 25% til 40% á sama tímabili.

4.4 Uppbygging svínaræktar hérlandis

Til að glöggva sig á samanburði svínaræktar milli Íslands og Finnlands er mikilvægt að taka tillit til mismunandi uppbyggingar svínabúa milli landa. Í svínarækt er gjarnan talað um þrjár megin tegundir svínabúa;

1. Bú sem eru með gyltur og selja grísina við fráfarur (e. pig rearing).
2. Bú sem kaupa fráfarugrísir og ala til slátrunar (e. pig fattening).
3. Bú sem eru með gyltur og ala grísina líka til slátrunar.

Sterk hefð er fyrir samþættingu framleiðslunnar hér á landi, sbr. leið 3 hér að ofan. Fráfærur hafa hins vegar ekki tíðkast. Þar að auki má nefna að vel er þekkt að stærri bú reki eigin sláturhús og kjötvinnslur.

4.5 Meðalbú

Líkt og sagði hér að ofan þá hefur framleiðsla á svínakjöti staðið í stað frá 2002. Samt sem áður hefur meðalframleiðsla á hverju svínabúi aukist sökum fækkunar framleiðenda. Árið 1998 framleiddu svínabú að meðaltali innan við 100 tonn en um 350 tonn árið 2008.

Tafla 8: Meðalstærð og framleiðsla á hverju svínabúi.


	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi sláturdýra að meðaltali	1.358	1.637	1.608	1.865	2.084	2.564	2.683	3.551	3.601	4.784	4.490
Framleiðsla í tonnum að meðaltali	93	118	120	143	172	200	207	265	274	358	350

Heimild: Hagstofa Íslands (2010), Hagþjónusta bænda (2010) og útreikningar höfundar.

Ef miðað er við meðalfjölda slátraðra dýra hafa búin einnig stækkað umtalsvert eða úr innan við 1.400 í um 4.500 slátruðum dýrum á hvert býli árið 2008.

5 Verðþróun á svínakjöti

Pegar smásöluverð til neytenda er skoðað smá sjá að verð á svínakjötsafurðum hefur almennt farið lækkandi eftir að búið er að taka tillit til almennra verðhækkana í hagkerfinu.



Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundu

Mynd 7: Smásöluverð á svínakjöti og svínakjötsafurðum. Á föstu verðlagi ársins 2011. Meðalverð tveggja síðustu mælinga. Mynd B-4 í viðauka sýnir verðþróun á nafnvirði (þ.e. verðlagi hvers árs).

Frá árinu 1997 hefur verð á svínakjöti til neytenda almennt farið lækkandi að raunvirði, þ.e. eftir að búið er að leiðrétta fyrir almennar verðlagsbreytingar. Greina má meiri lækkun afurða í kjölfar offramboðs árin 2002 til 2003. Töluverð verðlækkun hefur einnig átt sér stað undanfarnin tvö ár, sérstaklega á kótelettum. Minni munur er á öðrum afurðum.

5.1 Skilaverð til bænda

Af töflu 9 má sjá þróun á skilaverði, því verði sem bændur fá fyrir afurðina, á undanförunum árum.

Tafla 9: Skilaverð til bænda á landbúnaðarafurðum (kr. á hvert kg). Á verðlagi hvers árs.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Innvegin mjólk	61	64	68	72	77	79	81	83	83	83	100	113	115
Kindakjöt	274	273	257	274	282	257	266	307	317	343	400	439	421
Nautakjöt	274	273	251	248	236	235	258	309	358	360	409	411	433
Svínakjöt	249	230	206	223	182	145	208	247	285	295	296	282	284
Fuglakjöt	314	285	284	310	250	200	229	282	258	270	295	-	-
Egg	190	187	184	184	179	236	225	225	260	260	n.a	-	-

Heimild: OECD og Bændasamtökin (2010), Hörður Harðarson (2011)

Skilaverð á svínakjöti hefur hækkað um 14% að nafnvirði frá árinu 1998 til 2010, úr 249 krónum á hvert kíló í 284 krónur. Litlar breytingar hafa orðið á nafnverði undanfarin ár. Mikil lækkun var á verði til bænda á árunum 2002 til 2004. Raunverð lækkaði um 55% frá 1998 til 2003 en hefur hækkað frá þeim tíma. Raunverð á svínakjöti til bænda lækkaði um ríflega 40% á tímabilinu frá 1998 til 2009.

6 Rekstrarafkoma svínaræktunar

Til að leggja mat á rekstrarafkomu svínaræktarinnar er stuðst við úrtak Hagþjónustu Landbúnaðarins frá 1999 til 2009. Sambærilegar tölur fyrir 2010 voru ekki aðgengilegar þegar þessi skýrsla var gerð. Rétt er að benda á að um úrtak er að ræða en miðað við fjölda fyrirtækja í úrtakinu í samanburði við fjölda fyrirtækja í svínarækt almennt, skv. tölum Hagstofunnar, þá má ætla að stærstur hluti fyrirtækja í svínarækt sé þar meðtalinn. Teknar eru saman helstu stærðir og hlutföll úr efnahags- og rekstrarreikningi og sýndar í töflum hér að neðan.

6.1 Helstu hugtök

Eiginfjárlutfall segir til um hversu stór hluti eigið fé er af heildarfjármögnun viðkomandi félags eða greinar.¹⁶ Almennt er hægt að segja að fyrirtæki séu fjárhagslega sterkari eftir því sem eiginfjárlutfallið er hærra. Ef hlutfallið er lágt bendir það til þess að verið sé að byggja greinina upp á lánsfé í stað hagnaðar fyrri ára eða nýfjárfestingu.

Veltufjárlutfall segir til um getu viðkomandi fyrirtækis eða greinar til að greiða niður skammtímaskuldir. Veltufjárlutfall er skilgreint sem hlutfall veltufjármuna¹⁷ af skammtímaskuldum. Æskilegt er að veltufjárlutfallið sé hærra en 1 til að tryggja að viðkomandi fyrirtæki sé í stakk búið til að standa við þær skuldir sem falla á gjalddaga næsta árið. Ef hlutfallið er ekki hærra en einn er hætta á að viðkomandi fyrirtæki lendi í greiðsluferfiðleikum í nánustu framtíð. Því hærra sem hlutfallið er, því líklegra er að fyrirtækið geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar í nánustu framtíð.

6.2 Efnahagsyfirlit í svínarækt - helstu stærðir og hlutföll

Af töflu 10 má sjá nokkrar helstu stærðir úr efnahagsyfirliti svínaræktarinnar. Þegar efnahagur svínaræktarinnar er skoðaður þá má greina öran vöxt greinarinnar. Skuldir hvers bús tæplega fimmtánfaldast að meðaltali á tímabilinu frá 1995 til 2008.

Ef eigið fé er neikvætt þá eru skuldir hærri en bókfært virði eigna sem er ákveðin vísbending um að fyrirtæki sé gjaldþrota eða eigi í miklum erfiðleikum. Eiginfjárstaða svínaræktarinnar hefur verið sveiflukennð og hefur hún verið neikvæð í 5 af þeim 12 árum sem tilgreind eru hér að ofan. Ef eigið fé er ítrekað neikvætt, þ.e. skuldir séu hærri

¹⁶ Eiginfjárlutfall er skilgreint sem eigið fé deilt með eignum. Eignir eru samsettar úr heildarskuldum og eigin fé.

¹⁷ Veltufjármunir eru handbært fé og aðrar eignir sem auðvelt er að breyta í handbært fé.

Tafla 10: Efnahagsyfirlit svínaræktarinnar (m.kr. á verðlagi hvers árs).

	1995	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2008 ¹	2009 ¹
Skuldir	562	1.946	2.347	3.307	3.361	2.514	2.315	2.568	2.945	2.952	5.315	2.256	2.339
<i>Skuldir að meðaltali</i>	25,5	97,3	111,7	132,3	168,1	147,9	165,3	197,6	267,7	246,0	379,7	282	292,3
<i>Skammtíma-skuldir</i>	35%	30%	28%	29%	48%	38%	36%	23%	26%	27%	26%	38%	26%
<i>Langtíma-skuldir</i>	65%	70%	72%	71%	52%	62%	64%	77%	74%	73%	74%	62%	59%
Eigið fé	-72	320	439	308	408	-118	-68	267	427	741	-988	35,1	-64,5
<i>Eigið fé að meðaltali</i>	-3,3	16,0	20,9	12,3	20,4	-6,9	-4,8	20,5	38,8	61,8	-70,5	-4,4	-8,1
Eiginfjár-hlutfall	-15%	14%	16%	9%	11%	-5%	-3%	9%	13%	20%	-23%	2%	-3%
Veltufjár-hlutfall	40%	41%	67%	87%	26%	40%	62%	85%	99%	102%	67%	58%	54%
<i>Fjöldi fyrirtækja</i>	22	20	21	25	20	17	14	13	11	12	14	8	8

Athuga ber að hér er um paraðan samanburð að ræða, þ.e. einvörðungu þau bú sem eru bæði árið 2008 og 2009 í gögnum Hagþjónustunnar eru borin saman. Athuga ber einnig að öll búin árið 2009 voru einnig í tölunum árið 2008 og því sýna tölurnar 2009 yfirlit yfir öll bú.

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins (2011) og útreikningar höfunda

en bókfært virði eigna, þá gefur það vísbendingu um að gjaldþrot séu mögulega yfirvofandi í greininni. Árið 2003 glímdi greinin við rekstrarerfiðleika og var þá eiginfjárstaðan neikvæð um -5% en batnaði allt frá þeim tíma til ársins 2007 er hún varð jákvæð um 20%. Líkt og með flestar greinar í íslensku atvinnulífi þá snerist þróunin til verri vegar árið 2008 og þá var eiginfjárlutfallið -23% og ljóst að miklir rekstrarerfiðleikar voru framundan. Tölurnar fyrir árið 2009 eru nokkuð jákvæðari en samt er eigið fé enn neikvætt. Tölurnar gefa til kynna að umtalsverð endurskipulagning hafi átt sér stað í greininni á milli ára.

Samanburður á veltufjárlutfalli gefur vísbendingu um burði greinarinnar til að takast á við skammtímaskuldbindingar. Hlutfallið hefur verið frekar lágt í greininni undafarin ár og að jafnaði um 40% til 70%. Hlutfallið var afar lágt árið 2002, eða einvörðungu 26%¹⁸, og eins konar undanfari þeirra erfiðleika sem áttu sér stað í greininni árið 2003. Æskilegt er að hlutfallið sé herra en 100% sem er merki um að fyrirtæki greinarinnar séu í stakk búin til að takast á við skammtímaskuldbindingar. Árið 2007 var

¹⁸ Æskilegt er að hlutfallið sé herra en 100% sem merkir í raun að auðseljanlegar eignir dugi fyrir skammtímaskuldum.

veltufjórhlutfallið raunar hærra en árin á undan eða 102%. Mikil skuldaaukning árið 2008 með samsvarandi neikvæðum áhrifum á eiginfjárstöðu og veltufjórhlutfall bendir til þess að greinin hafi að mestu verið skuldsett í erlendri mynt og af þeim sökum hafi staða greinarinnar versnað mikið á stuttum tíma. Ákveðið hættumerki er að þrátt fyrir að endurskipulagning hafi átt sér stað árið 2009 virðist skuldsetningin enn vera til skemmri tíma fremur en lengri. Hætta er á áframhaldandi erfiðleikum í greininni þegar staðan er svo slæg.

6.3 Rekstraryfirlit - helstu stærðir og hlutföll

Af töflum 11 til 12 hér að neðan má sjá helstu stærðir úr rekstrarreikningi svínaræktarinnar. Allar tölur eru í milljónum króna. Meðaltalstölur eru reiknaðar með hliðsjón af fjölda fyrirtækja í úrtaki Hagþjónustunnar á viðkomandi ári. Athuga ber að hér er um úrtak að ræða og því geta breytingar á úrtakinu haft töluverð áhrif. Allar tölur eru á breytilegu verðlagi og því ekki tekið tillit til verðlagsbreytinga milli ára.

Tafla 11: Rekstraryfirlit svínaræktarinnar (m.kr. á verðlagi hvers árs).¹

	1995	1999	2000	2002	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Rekstrartekjur	416	774	908	1.646	1.297	1.448	1.757	2.006	2.797	1.525
<i>Rekstrartekjur að meðaltali</i>	18,9	38,7	43,3	82,3	92,7	111,4	159,7	167,2	199,8	190,6
Rekstrargjöld	347	648	797	1.643	1.178	1.209	1.249	1.529	2.348	1.445
<i>Rekstrargjöld að meðaltali</i>	15,8	32,4	38,0	82,2	84,1	93,0	113,5	127,4	167,7	180,6
Fjármagnsliðir	-40	-81	-139	-91	-131	-131	-389	-117	-2.173	-190
<i>Fjármagnsliðir að meðaltali</i>	-1,8	-4,0	-6,6	-4,5	-9,3	-10,1	-35,3	-9,7	-155,2	-23,7
<i>Hagnaður f. vexti og verðb. að meðaltali</i>	3,1	6,3	-1,5	0,1	8,5	18,4	46,2	39,8	32,0	10
<i>Hagn. af reglul. Starfsemi að meðaltali</i>	1,3	2,2	5,3	-4,4	-0,8	8,3	10,8	30,1	-123,2	-13,7
Hagnaður að meðaltali	1,4	1,9	-1,3	-3,3	-3,5	9,2	12,4	32,5	-119,0	-15,1
Hagnaður í hlutfalli við tekjur	7%	5%	-3%	-4%	-4%	8%	8%	19%	-60%	-8%
Hl.fall fjármagnsliða af rekstrartekjum	10%	10%	15%	6%	10%	9%	22%	6%	78%	12%
Fjöldi fyrirt. í úrtaki	22	20	21	20	14	13	11	12	14	8

¹ Sjá paraðan smaanburð í töflu A-10 í viðauka.

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagþjónusta landbúnaðarins (2011) og útreikningar höfundu

Rekstrartekjur fyrirtækja í svínarækt að meðaltali hafa margfaldast á tímabilinu. Ef horft er til upphafs tímabilsins árið 1995 þá voru tekjur um 19 milljónir króna en höfðu tífaldast í 191 milljón árið 2009. Sömu þróun má greina í rekstrargjöldum. Tekjur og gjöld greinarinnar hafa almennt sexfaldast sem gefur til kynna að bú hafi stækkað umtalsvert á tímabilinu. Athyglisvert er að bera þá aukningu saman við aukningu skulda en þær fimmtánfölduðust á sama tímabili.

Hagnaður greinarinnar hefur verið afar sveiflukenndur. Tap var af svínarækt í 7 af þeim 12 árum sem eru tekin fyrir í töflunni hér að ofan. Það vekur einnig athygli hve sveiflukenndur rekstur svínabúa er sem sést af því að búin eru rekin með hóflegum afgangi þegar vel árar en þegar kreppir að þá er niðursveiflan harkalegri. Þetta er einkenni bæði fyrir kreppuna á árunum 2002 til 2004 sem og þá sem kom eftir bankahrunið árið 2008. Hagnaður greinarinnar í hlutfalli við tekjur var mestur árið 2007 (19%) en verst var afkoman árin 2003 (-29%) og 2008 (-60%). Raunar bendir slæm afkoma greinarinnar það ár til þess að rekstrarerfiðleikar greinarinnar hafi verið óumflýjanlegir og líklega hefði ekki þurft bankahrún til.

Athyglisvert er að skoða hlutfall fjármagnsliða¹⁹ og tekna greinarinnar. Vægi fjármagnsliða hefur sveiflast nokkuð og verið frá 6% til 24% á árunum 1995 til 2007. Árið 2008 margfaldast sá liður hinsvegar og nam hann um 78% af tekjum greinarinnar. Bersýnilegt er að svo þung byrði fjármagnsliða mun valda rekstrarvanda greinarinnar á skömmum tíma og mikil endurskipulagning skulda eða gjaldþrot er á næsta leiti.

6.4 Framleiðni í landbúnaði

Framleiðni er mælikvarði á rekstrarhagkvæmni. Ef verðmæti/magn afurða eykst án þess að notkun aðfanga (framleiðsluþátta) hafi verið aukin er talað um að framleiðni hafi aukist. Framleiðni er því skilgreind sem hlutfall afurða af aðföngum eða það magn afurða sem framleiða má með tiltekinni notkun framleiðsluþátta.²⁰ Í greiningunni hér að neðan eru settir fram ýmsir mælikvarðar á framleiðni.

Tafla 12: Hlutfall aðfanga af vinnsluvirði.

	1998	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Landbúnaður og dýrav.	102%	118%	109%	115%	123%	131%	133%	137%	129%	110%
<i>Búfjárrækt</i>	101%	113%	109%	112%	121%	126%	127%	138%	130%	113%
<i>Svínarækt</i>	150%	189%	373%	435%	260%	205%	132%	158%	194%	166%
<i>Alifuglarækt</i>	156%	1063%	412%	269%	253%	229%	215%	218%	234%	199%
<i>Önnur búfjárrækt</i>	93%	89%	81%	89%	101%	110%	117%	126%	111%	99%
Hagkerfið í heild	82%	91%	90%	95%	98%	100%	107%	112%	113%	98%

Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundu

Einn mælikvarði á framleiðni er hlutfall aðfanga af verðmætasköpun einstakra greina.²¹ Gott getur verið að skoða hve miklu er eytt í aðföng til að framleiða sama magn afurða. Sem dæmi má draga þá ályktun að ef magn aðfanga eykst en vinnsluvirði (verðmætasköpun) helst stöðugt þá sé framleiðni að minnka.²² Að sama skapi, ef greinar þurfa meira af aðföngum til að skapa sömu verðmæti, mælt í vinnsluvirði, bendir það til þess að heildarframleiðni sé að minnka. Hækkun á hlutfalli aðfanga og vinnsluvirðis má því túlka sem merki um samdrátt í framleiðni. Hafa ber í huga að hlutfallið getur verið mishátt milli greina sökum mismunandi eðlis þeirra. Hlutfallið er hinsvegar gagnlegt til að bera saman þróun innan greina á milli ára.

¹⁹ Nefnt „færsla vegna vaxta og verðbóta“ í tölum Hagþjónustu landbúnaðarins. Athuga ber þó að hér er ekki um að ræða greidda fjármagnsliði heldur er hér einnig um að ræða færslu vegna verðbóta og hækkunar á erlendum skuldum.

²⁰ Nánari umfjöllun um framleiðni má finna í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, „Framleiðni íslenskra atvinnuvega“ (1999).

²¹ Þ.e. vinnsluvirði.

²² Hærra hlutfall má því túlka sem merki um samdrátt í framleiðni.

Notkun aðfanga í hlutfalli við verðmætasköpun hagkerfisins sem heild jókst jafnt og þétt úr ríflega 80% árið 1998 í ríflega 110% árið 2008 en lækkaði í tæplega 100% árið 2009. Svipaða þróun má greina í landbúnaði sem heild sem og búfjárrækt. Þegar svínaræktin er skoðuð má sjá miklar sveiflur. Hlutfallið hækkar mikið um og eftir aldamótin í kjölfar mikillar fjárfestingar í greininni. Hlutfallið margfaldast á fáeinum árum og er hæst ríflega 400% árið 2003. Notkun aðfanga hafði þá aukist og verðmætasköpun minnkað mikið svo samdráttur í framleiðni varð því mikill. Frá þeim tíma horfir hins vegar til betri vegar og hefur hlutfallið lækkað sem bendir til ákveðinnar hagræðingar og aukinnar hagkvæmni í rekstri. Svipaðar sveiflur og í svínaræktinni má sjá í alifuglarækt.

6.4.1 Aðrir mælikvarðar á framleiðni

Fjölmargir aðrir mælikvarðar eru til á framleiðni. Hér að neðan eru nokkrir teknir saman sem skoða framleiðni einstakra þátta. Þó getur slíkur samanburður verið villandi þar sem einungis er horft til eins þáttar en ekki heildarframleiðni. Athuga ber einnig að í sumum tilfellum eru hlutföllin ekki sambærileg milli greina sökum mismunandi eðlis framleiðslu og því er rétt að horfa til þróunar innan hvorrar greinar og bera saman við þróun annarra í stað þess að horfa til einstakra gilda.

Mat á heildarframleiðni er hér skilgreint sem hlutfall vinnsluvirðis af framleiðsluvirði. Hlutfallið sýnir þau verðmæti sem greinin skapar í hlutfalli við heildarverð allrar framleiðslu greinarinnar. Heildarframleiðni greinarinnar er að vaxa ef verðmætasköpun greinarinnar vex hlutfallslega hraðar en framleiðsluvirði greinarinnar og því bendir hærra hlutfall til þess að framleiðni sé að aukast. Líkt og sjá má af töflu 13 hér að ofan þá óx verðmætasköpun landbúnaðar hægar en framleiðsluvirði greinarinnar á tímabilinu frá 1998 til 2008 og fór hlutfallið því lækkandi á tímabilinu. Viðsnúningur varð eftir bankahrunið og tók þá heildarframleiðni í landbúnaði að aukast á ný og er nú svipuð og í upphafi tímabilsins. Í svínaræktinni hefur hlutfallið sveiflast mikið. Heildarframleiðni dróst mjög ört saman á árunum eftir aldamót en það er svipað nú og í upphafi tímabilsins. Miðað við aðrar greinar landbúnaðarins þá hefur heildarframleiðni svínaræktarinnar, þegar horft er á allt tímabilið, þróast með svipuðum eða ögn hagfelldari hætti en í öðrum greinum landbúnaðar.

Hlutfall rekstrarafgangs af framleiðsluvirði er ekki beint mælikvarði á framleiðni heldur á afrakstur og árangur greinarinnar. Hlutfall rekstrarafgangs af framleiðsluvirði hefur dregist nokkuð saman á tímabilinu í landbúnaði sem heild frá 1998 til 2007. Frá þeim tíma hefur afkoman batnað m.v. þennan mælikvarða. Afkoma flestra greina er svipuð nú og í upphafi

tímabilsins, að alifuglarækt undanskilinni. Þar hefur afkoman versnað en þó eru merki um að afkoman hafi farið ögn batnandi undanfarin ár. Afkoma svínaræktarinnar er nú svipuð og í upphafi tímabilsins eftir snarpan samdrátt um mitt tímabilið. Sú staðreynd að rekstrarafgangur í hlutfalli við framleiðsluvirði lækkaði til ársins 2007 bendir til þess að samkeppni við erlendar afurðir hafi verið erfið og afkoma slök. Með gengisfalli krónunnar hefur samkeppnishæfni innlands landbúnaðar vaxið sem sjá má af betri rekstrarafgangi í hlutfalli við verðmæti framleiðslunnar.

Tafla 13: Nokkrir mælikvarðar á framleiðni og arðsemi.

	1998	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Heildarframleiðni²³											
Landbúnaður og dýrav.	50%	50%	46%	48%	47%	45%	43%	43%	42%	44%	48%
Búfjárrækt	50%	50%	47%	48%	47%	45%	44%	44%	42%	43%	47%
Svínarækt	40%	37%	35%	21%	19%	28%	33%	43%	39%	34%	38%
Alifuglarækt	39%	39%	9%	20%	27%	28%	30%	32%	31%	30%	33%
Önnur búfjárrækt	52%	53%	53%	55%	53%	50%	48%	46%	44%	47%	50%
Rekstrarafgang. af framleiðsluvirði²⁴											
Landbúnaður og dýrav.	23%	19%	16%	22%	18%	15%	13%	13%	11%	17%	21%
Búfjárrækt	25%	20%	18%	24%	20%	17%	15%	16%	13%	20%	24%
Svínarækt	22%	14%	18%	4%	-9%	6%	11%	23%	19%	15%	19%
Alifuglarækt	14%	7%	-29%	-5%	3%	1%	4%	6%	7%	6%	9%
Önnur búfjárrækt	26%	22%	24%	30%	26%	21%	17%	17%	13%	23%	27%
Framleiðni launa²⁵											
Landbúnaður og dýrav.	3,6	3,7	3,4	4,1	3,5	3,3	3,0	3,0	2,9	3,0	3,5
Búfjárrækt	4,4	4,8	4,6	6,5	5,5	5,0	4,5	4,7	4,6	4,8	5,5
Svínarækt	4,4	3,2	4,1	2,2	1,1	1,9	2,3	3,3	3,1	3,1	3,4
Alifuglarækt	2,1	1,7	0,3	1,2	1,5	1,4	1,6	1,7	1,7	1,7	1,9
Önnur búfjárrækt	4,9	5,8	6,5	9,3	8,6	7,1	5,8	6,3	6,2	6,4	7,6

Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundar

Framleiðni launa sýnir hve miklu hver króna sem greidd er í laun skilar í auknum verðmætum, hækkun vinnsluvirðis. Margt getur orðið til þess að þetta hlutfall sé hátt eða lágt en það sem er athyglisvert er að skoða þróunina undanfarin ár. Líkt og með aðrar tölur í svínaræktinni þá má greina umtalsverða niðursveiflu á árunum 2002 til 2004. Frá þeim tíma hefur framleiðni launa vaxið en er nú svipuð og í upphafi tímabilsins. Svipaða

²³ Skilgreint sem hlutfall vinnsluvirðis af framleiðsluvirði og því er hærra hlutfall merki um aukna framleiðni.

²⁴ Skilgreint sem hlutfall rekstrarafgangs af framleiðsluvirði

²⁵ Skilgreint sem hlutfall vinnsluvirðis og launakostnaðar samkvæmt framleiðsluþjóri þjóðhagsreikninga. Segir til um hve mikið hver króna í laun er að skila í auknu vinnsluvirði.

Þróun má greina í alifuglaræktun. Í landbúnaði sem heild hefur framleiðni launa sveiflast nokkuð en staðið í stað þegar á heildina er litið.

6.5 Framleiðni hverrar skepnu

Annar mælikvarði á framleiðni og nýtingu er framleiðsla af kjöti af hverri skepnu. Af töflu hér að neðan á sjá að hver skepna er að skila tæplega 40% meira magni af kjöti nú en árið 1983.

Tafla 14: Kjötafurðir af hverri skepnu að meðaltali (kg).

	1983	1990	1995	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2007	2008	2009	2010
Dilkakjöt	14,7	15,1	15,3	15,6	16,4	15,6	15,9	15,6	16,1	15,8	16,4	16,3	16,4
Nautakjöt	121	129	137	146	150	160	159	168	177	181	182	185	182
Svínakjöt	57	56	62	68	74	82	78	77	75	75	78	76	77
Alifuglakjöt	1,0	1,2	1,3	1,3	1,4	1,4	1,4	1,4	1,5	1,5	1,5	1,6	1,6

Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundu


Svipaða aukningu í framleiðslu á hverja skepnu má greina í framleiðslu á nautakjöti sem og alifuglakjöti. Hinsvegar hefur framleiðsla á hverja skepnu af dilkakjöti einvörðungu aukist lítillega á tímabilinu.

7 Stuðningur við svínarækt

Í þessum kafla er leitast við að tilgreina og fara yfir beinan og óbeinan stuðning við svínarækt hérlendis. Er það gert til að fá skýrari sýn á þær breytingar sem hugsanlega munu eiga sér stað ef samþykkt verður að ganga í Evrópusambandið.

7.1 Vernd íslensks landbúnaðar

Einn af mælikvörðunum sem gjarnan eru notaðir til að meta umfang verndar og styrkja sem bændur fá er svokallað PSE hlutfall (e. producer support estimate) sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) reiknar út árlega. Hlutfallið segir til um hve hátt hlutfall af tekjum bænda má rekja til stuðnings af einhverju tagi.




Heimild: OECD, (2010)

Mynd 8: PSE stuðull í nokkrum ríkjum (meðaltal 2007 til 2009).

Líkt og sjá má af meðfylgjandi mynd þá eru styrkir og markaðsvernd, mælt sem PSE, í íslenskum landbúnaði nokkuð hærra hlutfall en innan ESB eða OECD. Hægt er að túlka ofangreindar tölur með þeim hætti að jafngildi 53% tekna til íslenskra bænda á árunum 2007 til 2009 hafi komið til vegna styrkja og markaðsverndar. Mestur er stuðningurinn í Noregi, um 61%. Til samanburðar þá má geta þess að meðaltalið innan OECD og ESB er rétt líðlega 20% á sama tímabili.

OECD reiknar einnig út PSE hlutfallið fyrir einstakar greinar innan landbúnaðarins. Af meðfylgjandi mynd má sjá þróun á PSE hlutfalli einstakra greina landbúnaðarins frá miðjum níunda áratug síðustu aldar til 2009. Hlutfallið hefur heldur farið lækkandi á tímabilinu, úr um 60% til 80% í innan við 50% ef alifuglarækt er undanskilin.



Heimild: OECD, (2012)

Mynd 9: PSE stuðull einstakra afurða á Íslandi frá 1986 til 2010.

Lækkandi PSE hlutfall sýnir að dregið hefur úr stuðningi til landbúnaðar og samkeppnishæfni greinarinnar hefur farið vaxandi. Áberandi mikil lækkun er á hlutfallinu á árunum 2008 og 2009. Að stærstum hluta má rekja lækkun hlutfallsins til aukinnar samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu og veikingar krónunnar. Lágt raungengi hefur gert innlenda framleiðendur mun betur í stakk búna til að keppa við innfluttar vörur og endurspeglar lækkun PSE hlutfallsins þá þróun frekar en almennar breytingar á styrkjaumhverfi landbúnaðarins. Af myndinni hér að framan má sjá að stuðningshlutfallið er lægst í nauta- og svínakjötsframleiðslu. OECD áætla að stuðningur við svínakjötsframleiðsluna hér á landi jafngildi um 20% fyrir 2010.

7.1.1 Skipting PSE stuðnings

Þegar PSE hlutfallið er reiknað skiptist stuðningurinn í tvennt, markaðsstuðning í formi tollverndar og síðan beinar greiðslur til bænda. Styrkir til landbúnaðarframleiðslu hérlendis byggja á hvorutveggja markaðsvernd og styrkjum. Beinir styrkir eru að mestu einskorðaðir við kúabúskap, sauðfjárrækt og ræktun á nokkrum tegundum grænmetis. Markaðsvernd, t.d. í formi tolla, er ráðandi í öðrum greinum landbúnaðar. Þetta má sjá af töflu 15 hér að neðan. Af töflunni má sjá að áætlað er að 43% af tekjum svínabænda megi rekja til markaðsverndar greinarinnar. Ef til aðildar kemur þá mun markaðsverndin hverfa og aukin áhersla verða á beina styrki og því má búast við að miklar breytingar muni eiga sér stað á stuðningsfyrirkomulagi greinarinnar. Út frá töflunni má sjá að hæst er hlutfallið í kjúklinga-rækt en þar er markaðsvernd mjög mikil. Bent skal á að í kafla 10.1 er fjallað um þróun styrkjakerfisins í Evrópu til samanburðar.

Tafla 15: Umfang landbúnaðarframleiðslu hérlendis og hlutfall metins stuðnings (skipti markaðsvernd og beina styrki).


	Söluvirði, milljónir €	PSE markaðsvernd	PSE styrkir	PSE alls
Tómatar, paprika, gúrkur	1.000	0%	28%	28%
Alifuglarækt	2.200	76%	0%	76%
Dilkakjöt	3.700	3%	49%	52%
Mjólk	8.500	19%	42%	62%
Nautakjöt	1.600	20%	8%	28%
Svínakjöt	1.800	43%	0%	43%
Egg	900	61%	0%	61%
Annað	1.950	26%	7%	33%
Samtals	21.650	26%	27%	56%

¹ Söluvirði árið 2010 (nýjustu tölur frá OECD). ² Meðaltal árána 2006 til 2009.

Heimild: OECD, Bændasamtökin, Hagbjónusta landbúnaðarins, Samtök garðyrkjubænda

7.1.2 Verð til bænda

OECD safnar einnig saman tölum um verð á bívörum til bænda. OECD metur hvernig afurðarverð þróast innan einstakra landa í hlutfalli við innflutningsverð²⁶ á sambærilegri vöru á sama vinnslustigi.²⁷ Ekki er horft á kostnað við verkun, dreifingu og sölu afurðanna. Af myndinni hér að neðan má sjá hvernig afurðaverð til svínabænda á Íslandi og innan ESB hefur verið í hlutfalli við innflutningsverð.



Heimild: (OECD, 2010)

Mynd 10: Hlutfall afurðaverðs á svínakjöti til íslenskra og evrópskra bænda og innflutningsverðs (vörur á sama framleiðslustigi ásamt flutningskostnaði).

Hlutfallið var 1,28 á Íslandi árið 2010 sem merkir að verð á svínakjöti var að meðaltali 29% hærra en innflutningsverð sambærilegrar vöru. Athuga ber að hér er um almennt

²⁶ Hér er átt við innflutningsverð (e. border price) af heimsmarkaði með flutningskostnaði.

²⁷ e. Producer Nominal Protection Coefficient (PNPC)

innflutningsverð að ræða, ekki endilega frá Evrópusambandinu. Verð á svínakjöti innan ESB hefur verið um eða rétt yfir þessu metna innflutningsverði allt tímabilið.

Af myndinni má sjá að í upphafi tímabilsins var verðið um þrefalt til fimmfalt hærra héraðs. Frá þeim tíma hefur munurinn minnkað jafnt og þétt. Mikla lækkun í hlutfallslegu verði héraðs árin 2008 og 2009 má rekja til gengisfalls krónunnar. Raungengi krónunnar veiktist mikið á þessu tímabili sem gerði innlenda framleiðslu mun samkeppnisfærari í alþjóðlegri samkeppni. Lækkun á hlutfallslegu verðlagi má rekja til þessarar þróunar.

Síðari hluti: Svínarækt í Finnlandi, Íslandi og ESB

8 Sameiginleg einkenni Íslands og Finnlands

Umsókn Íslands að Evrópusambandinu mun hafa veruleg áhrif á rekstrarumhverfi bænda. Sú tollvernd sem margar afurðir bænda hafa búið við mun hverfa. Jafnframt er líklegt að stuðningur ríkisins muni breytast umtalsvert, enda eru áherslur sameiginlegrar landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins frábrugðnar þeim áherslum sem ríkt hafa hér á landi. Afar erfitt er að meta hver áhrifin á afkomu einstakra búgreina eða bænda munu verða enda flest enn á huldu um innihald mögulegs aðildarsamnings. Helst er að horfa til reynslu þeirra landa sem gengið hafa í sambandið á undangengnum áratugum og búið hafa við svipað fyrirkomulag varðandi styrki og tollvernd og gildir hér á landi. Á undanförmum árum hafa mörg Austur-Evrópuríki gengið í sambandið. Lítinn lærdóm er þó hægt að draga af aðildarsamningum þeirra og afleiðingum aðildar á landbúnað. Verðlag og laun í þessum löndum var lágt, framleiðni landbúnaðar lítil og stuðningur óverulegur. Nærtækustu dæmin um lönd sem svipar til Íslands er því að sækja til stækkunarinnar á tíunda áratugnum, þegar Finnland og Svíþjóð gengu í sambandið. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður fjallað nokkuð ýtarlega um reynslu Finna og reynt að draga lærdóm af henni um mögulegt innihald aðildarsamnings og afleiðingar hans fyrir afkomu svínabænda.

Finnland er að mörgu leyti svipað Íslandi. Landið er staðsett á milli sextugustu og sjötugustu breiddargráðu og er stærð landsins rétt ríflega þreföld stærð Íslands, eða um 338.000 ferkílómetrar. Landið er ekki ýkja fjölmennt á evrópskan mælikvarða en þar búa alls um 5,3 milljónir. Lífskjör í Finnlandi og á Íslandi voru svipuð árið 2008 ef miðað er við landsframleiðslu á mann en landið hefur jafnframt gengið í gegnum erfiða tíma undanfarin misseri. Samdráttur landsframleiðslu er talinn vera svipaður í Finnlandi og á Íslandi árið 2009 samkvæmt gögnum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hagvöxtur hefur þróast með svipuðum hætti í Finnlandi og Íslandi líkt og sést glögglega af mynd B-6 í viðauka. Þróunin hefur verið sveiflukennari hérlendis en í Finnlandi en á heildina litið er þróunin keimlík.

Verðbólga hins vegar hefur verið umtalsvert minni í Finnlandi en á Íslandi undanfarna áratugi. Frá 1995 hefur hún lengst af verið um 1% til 2% í Finnlandi. Verðbólga hefur verið mun meiri og sveiflukenndari á Íslandi undanfarin 10 ár. Samanburð á verðbólguþróun undanfarinna ára má finna á mynd B-7 í viðauka.

Finnland og Ísland deila því mörgum þáttum sem geta verið mikilvægir í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Finnland gerðist aðili að sambandinu þann 1. janúar 1995. Frá þeim tíma hefur landið verið aðili að sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB.

9 Finnskur landbúnaður: Uppbygging og sögulegt yfirlit

Í þessum kafla er skoðuð reynsla Finna af aðild og áhrifum sameiginlegrar stefnu í landbúnaði. Í því ljósi er horft á landbúnað sem heild, þó með sérstakri áherslu á svínaræktina. Nokkrar staðreyndir varðandi finnskan landbúnað sem heild eru einnig dregnar fram til að auðvelda samanburð á áhrifum á svínaræktina í Finnlandi við áhrif á landbúnað í heild sinni.


Finnland gerðist aðili að ESB árið 1995. Milli árána 1994 og 1995 dróst hlutur landbúnaðar af landsframleiðslu saman úr 2,8% í 1,8% þrátt fyrir að framleitt magn hafi ekki dregist saman. Vöxtur hagkerfisins á milli ára hefði leitt til þess að landbúnaður hefði dregist saman um 0,2% af landsframleiðslu. Þessi mikla sveifla orsakast af því að stuðningur við landbúnaðinn fór frá því að vera verðstuðningur og tollvernd í það að vera tekjustyrkur. Vægi landbúnaðar hefur frá þeim tíma dregist enn frekar saman sökum örari vaxtar annarra greina en landbúnaðar (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2007).

Finnskur landbúnaður einkennist mikið af mörgum smærri fjölskyldubýlum en þó hafa býli stækkað ört frá inngöngu í ESB. Til að mynda þá var meðalstærð búa í landbúnaði um 35 hektarar árið 2008 samanborið við 20 hektara við aðild. Alls störfuðu um 90.000 manns í finnskum landbúnaði árið 2008 en sú tala var um 150.000 fyrir aðild. Hlutfall starfandi í landbúnaði af heildarvinnuafli hefur einnig dregist saman úr 7% í rétt ríflega 3% á sama tímabili.

Fyrirtækjum í landbúnaði hefur fækkað nokkuð stöðugt frá aðild. Samkvæmt tölum frá MTT Finnland þá hefur fyrirtækjum fækkað um 38% frá 1994 til 2008. Alls voru um 103.000 fyrirtæki í landbúnaði árið 1994 en þau voru orðin ríflega 65.000 árið 2008. Alls voru um 8% af landsvæði Finnlands notað undir landbúnað árið 2006. Heildarlandsvæði undir landbúnað sem hlýtur styrki hefur haldist nokkuð stöðugt frá aðild og nam 2,27 milljónum hektara árið 2008. Sambærileg tala árið 1994 var 2,2 milljón hektarar (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2005). Svæði undir landbúnað hefur því ekki verið að dragast saman þó svo að býlum og störfum hafi fækkað.

9.1 Þróun kjötframleiðslu

Innganga Finnlands í ESB hefur haft nokkur áhrif á finnska svínarækt og kjötframleiðslu almennt. Mynd 11 og töflur 16 og 17 hér að neðan veita yfirlit yfir þróun helstu stærða í finnskri kjötframleiðslu.



Heimild: Ministry of Agriculture and Forestry (2010)

Mynd 11: Framleiðsla á kjöti í Finnlandi skipt eftir afurð.

Tafla 16: Fjöldi býla flokkað eftir tegund framleiðslu í Finnlandi.

	1995	2000	2005	2008	2009	% (1995 til 2009)
Mjólkurframleiðsla	32.480	22.913	16.495	12.455	11.896	-63%
Önnur kúabú	9.394	5.349	4.508	4.030	4.013	-57%
Svín	6.249	4.316	3.165	2.309	2.255	-64%
Alifuglar	2.239	1.231	976	762	774	-65%
Kindur og geitur	1.358	890	779	782	791	-42%
Hross	2.025	2.080	2.111	2.105	2.242	11%

Heimild: Ministry of Agriculture and Forestry (2010)

Tafla 17: Meðalstærð svínabýla (fjöldi sláturdýra á hvert býli¹).

	1995 ²	2000	2005	2008	2009	% (1995 til 2009)
Fjöldi sláturdýra per býli	334	474	758	1.064	1.039	211%

1. Heildarfjöldi svínabúa með fráfarugrúsi, kjötframleiðslu og blönduð bú (sjá skilgreiningu í kafla 9.1.1.) deilt með fjölda slátraðra dýra.²⁸ 2. Tölur um fjölda dýra fyrir árið 1996.

Heimild: Ministry of Agriculture and Forestry (2010)

Framleiðsla á fuglakjöti sem og svínakjöti hefur aukist nokkuð frá aðild að ESB. Framleitt magn af fuglakjöti hefur aukist um 120% frá aðild og aukist úr um 42 þúsund tonnum árið 1995 í um 95 þúsund tonn árið 2009. Mest hefur aukningin verið í framleiðslu á kalkúnakjöti sem hefur vaxið úr um 1 þúsund tonnum árið 1995 í um 9 þúsund tonn árið 2009. Framleiðsla á svínakjöti hefur einnig aukist um 23%, úr um 168 þúsund tonnum í um 206 þúsund tonn árið 2009. Mest var framleiðslan árið 2008 en minnkaði árið 2009 vegna breytinga á styrkjakerfi

²⁸ Meðaltal fundið með þessum hætti þar sem sú samsetning er líkari samsetningu búa hér á landi.

sem og greiðslna fyrir að hætta framleiðslu. Sala á svínakjöti skilar um 15% af tekjum landbúnaðar á markaðsverði og er hlutur þess því næst hæstur á eftir mjólk (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2010).

Ef horft er til annarra tegunda þá má sjá að framleiðsla á nautakjöti hefur dregist saman um 15% frá aðild. Afar lítil framleiðsla er á bæði hrossakjöti sem og lamba- og kindakjöti en hún hefur dregist nokkuð saman frá aðild. Samanlögð framleiðsla þessara tegunda var um 1 þúsund tonn árið 2009.

Líkt og fyrr sagði þá hefur búum fækkað nokkuð í Finnlandi frá aðild og þau hafa stækkað. Þessa þróun má sjá af töflu 17 hér að framan. Þar má sjá að búum hefur fækkað í öllum greinum nema í hrossarækt. Nemur fækkunin um 42% í kinda- og geitabúum og 65% í alifuglarækt. Svínabúum hefur fækkað úr um 6.250 í um 2.250 eða um 64%. Þar sem framleiðsla hefur farið vaxandi þá má ljóst vera að meðalbúið hefur stækkað umtalsvert. Í svínarækt hefur stærð býla ríflega þrefaldast á þessu tímabili.

Fjöldi sláturdýra á hverju búi í Finnlandi var um 330 dýr við aðild en rétt liðlega 1.000 árið 2009. Það veur nokkra athygli í samanburði við Ísland, þróunina má sjá af töflu 8 hér að framan. Meðalfjöldi sláturgripa hér á landi árið 1998 var yfir 1.300 dýr og var kominn í tæplega 4.500 sláturgripa árið 2008. Hluti af skýringunni á þessum mikla mun liggur í mismunandi uppbyggingu iðnaðarins hér á landi og í Finnlandi. Sú staðreynd að hér á landi er ekki notast við fráferugrísu skekkir samanburðinn að einhverju leyti þar sem slík bú eru gjarnan frekar smá. Þrátt fyrir þennan mun í uppbyggingu iðnaðarins má vera ljóst að almennt talað þá eru svínabú á Íslandi töluvert stærri en í Finnlandi.

9.2 Uppbygging svínabúa í Finnlandi

Árið 2009 voru svínabú í Finnlandi um 2.240 talsins sem skiptist nokkuð jafnt á þrjár tegundir búa;

1. Alls voru um 730 bú með fráferugrísu (e. piglet production einnig nefnt e. pig rearing)
2. Um 730 bú sérhæfðu sig í kjötframleiðslunni og ræktun eldisgrísa, þ.e. kaup á fráferugrísu og grísu sem voru aldir til slátrunar.
3. Um 780 bú voru með blandaða ræktun, þ.e. eru með gyltur og ala upp grísi, allt til slátrunar.

Líkt og fyrr sagði er þetta með nokkrum öðrum hætti hér á landi. Hérlandis eru öll bú með blandaða ræktun og jafnvel í sumum tilfellum einnig vinnsla innan sama fyrirtækis. Lítil sem engin vinnsla á svínakjöti fer fram á finnskum svínabúum (Mikkola, 2010).

9.3 Inn- og útflutningur á svínakjöti

Við aðild að Evrópusambandinu opnuðust markaðir bæði fyrir inn- og útflutning. Þetta má glögglega sjá af tölum um inn- og útflutning á svínaafurðum í Finnlandi. Árin fyrir aðild flutti Finnland árlega út nokkuð af svínakjöti eða um 14 til 23 milljón kg árlega. Innflutningur á svínakjöti var nær enginn fyrir aðild en margfaldaðist árið 1995, árið sem Finnland gerðist aðili að ESB.

Tafla 18: Inn- og útflutningur á svínakjöti (milljón kg).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995		2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Heildarframleiðsla	187	177	176	169,2	170,7	169,2		198,5	203,6	208,3	213,3	217,1	205,8	203
Innflutningur	n.a	n.a	n.a	0,8	1,7	11,7		15,8	15,3	18,1	21,6	22,1	23,5	28,4
Útflutningur	22,9	15	14,3	16	21,8	8,9		38,6	40,2	48,5	46,4	55	45,3	36,6

Heimild: Ministry of Agriculture and Forestry (2010)

Það sem vekur þó sérstaka athygli er að samfara aðild að ESB dregst útflutningur saman úr um 20 milljón kg í 9 milljón kg. Frá þeim tíma hefur útflutningur vaxið umtalsvert og er nú um tvöfalt meiri en árið við aðild og um fjórum sinnum meiri en árið sem Finnland gekk í ESB. Innflutningur hefur einnig aukist frá árinu 1995 en úr 12 milljón kg í rúm 28 milljón kg. Innflutt svínakjöt nam um 12,8% af innlendri eftirspurn árið 2009. Þrátt fyrir aukinn innflutning á svínakjöti þá er útflutningur enn nokkru meiri en innflutningur.

Um þriðjungur af útflutningi Finnlands fór til Rússlands og hefur sú tala farið lækkandi. Um 1/3 fór til annarra ESB landa og þriðjungur til landa utan ESB. Meðal mikilvægra ríkja í útflutningi má nefna Japan, Svíþjóð, Suður-Kóreu og Eystrasaltslöndin.

Stærstu innflytjendur til Finnlands eru Svíþjóð, Þýskaland og Danmörk. Svipaða aukningu má greina í inn- og útflutningi í flestum OECD ríkjum (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2010).

9.4 Verð til framleiðenda

Verð til framleiðenda lækkaði mikið í aðdraganda og í kjölfar aðildar að ESB. Sjá má af meðfylgjandi töflu að verð til framleiðenda lækkaði úr €364 per 100 kg árið 1990 í €185 árið 1995, árið sem Finnland gekk í ESB, og €137 árið 1996. Verð til framleiðenda lækkaði því um 63% á þessu stutta tímabili.

Tafla 19: Verð á svína- og nautakjöti til framleiðenda (€/100kg).

	1 990	1 991	1 992	1 993	1 994	1 995	1 996	1 997	1 998	1 999
Svín akjöt	3	3	2	2	2	1	1	1	1	1
Naut akjöt	6	5	5	4	4	5	2	2	2	2

1. Hér er miðað við gengi evru og undanfara hennar ECU. Misræmi milli töflu 19 og 20 skýrist af mismunandi viðmiðum á gengi finnska marksins við evruna og ECU.

Heimild: *Finnish Agriculture and Rural Industries (1999/2000), Oanda, (2010)*

Tafla 20: Verð á svínakjöti til framleiðenda (€/100kg).

	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Gylta	95	97	86	62	70	80	66	46	46	49	49	51	57	60
Göltur	95	99	94	80	89	105	101	69	74	77	82	87	83	82
Eldissvín	137	143	129	116	133	154	142	119	124	133	130	136	149	145
Svínakjöt alls (vegjð meðaltal)	134	140	126	113	129	150	137	115	120	128	126	132	144	141

Heimild: *Information Centre of the Ministry of Agriculture and Forestry (2010)*

Frá þeim tíma hefur verðið sveiflast nokkuð til ársins 2009 er verðið var um €141. Verðið lækkaði lítillega árið 2010 í €137 (Finnish Agriculture and Rural Industries , 2011). Lægst fór verðið í €119 árið 2003 en hæst í €154 árið 2001. Þegar horft er til sundurliðunar á verðum til framleiðenda má sjá að verð á gyltum hefur farið lakkandi á tímabilinu. Verð á göltum hefur sömuleiðis farið lakkandi en hefur þó sveiflast nokkuð. Verð á eldissvínnum hefur hækkað lítillega. Athuga ber að hér er um verð á hverju ári að ræða og því er ekki tekið tillit til almennra verðhækkana.

9.5 Smásöluverð á svínakjöti

Í aðdraganda aðildar lækkaði verð til framleiðenda töluvert. Verð til neytenda lækkaði einnig líkt og sjá má af töflunni hér að neðan.

Tafla 21: Smásöluverð á svínakjöti í aðdraganda og kjölfar aðildar að ESB (FIM/kg).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Svínakótelettur	49,81	50,19	49,4	45,83	45,34	34,76	n.a	34,99	34,62	33,2
Svínasiður	34,34	35,59	35,93	35,67	36,18	27,88	n.a	n.a	n.a	n.a

Heimild: *Finnish Agriculture and Rural Industries (1999/2000) og Information Centre of the Ministry of Agriculture and Forestry (2010).*

Verð á svínakótelettum lækkaði um 23% strax árið 1995 og hélst nokkuð stöðugt árin eftir það. Sömu lækkun má sjá á svínsmögum (e. pork flanks, pork bellies) milli 1994 og 1995.

9.5.1 Smásöluverð á svínakjöti í Evrópu

Til að bera saman verð á svínakjöti til neytenda er miðað við kannanir Evrópusambandsins. Gerðar hafa verið tvær víðtækar kannanir undangengin ár þar sem verð á afurðum eru borin saman milli landa. Áður en farið er yfir samanburðinn er mikilvægt að árétta að kannanirnar voru gerðar um mitt ár 2008 og 2009. Krónan hafði veikst mikið á árinu 2008 og um mitt ár 2009 var raungengi²⁹ íslensku krónunnar í sögulegri lægð.³⁰ Af þeim sökum mælist innlend framleiðsla mun samkeppnisfærari í verði en undangengin ár.

Til lengri tíma þá er óraunhæft að gera ráð fyrir því að hlutfallslegt verð á afurðum verði svipað og það var um mitt ár 2009. Réttara er að miða við tímabil þar sem raungengi er nær jafnvægi. Árið 2008 var raungengi nær jafnvægi en þó í veikara lagi í sögulegu samhengi.

Tafla 22: Verð á svínakótelettum í nokkrum Evrópuríkjum í Evrum1 (Verð í júní ár hvert).

	2008	2009	2010		2008	2009	2010
Austurríki	8,89	9,34	9,49	Pólland	3,72	3,05	3,06
Belgía		7,47		Rúmenía	5,81	5,43	5,05
Finland	12,41	12,37		Slóvakía	4,95	4,21	4,11
Grikkland	5,4	5,52	5,53	Slóvenía		5,22	5,45
Holland		7,73	8,91	Sviss	19,92	22,53	22,05
Ítalía	8,06	8,14	8,39	Tékkland	4,57	4,13	3,94
Lettland	5,33	5,06	4,55	Ungverjaland	5,15	4,5	3,82
Litháen	4,39	4,13	3,68	<i>Meðaltal</i>	<i>7,00</i>	<i>7,06</i>	<i>6,76</i>
Lúxemborg	7,46	9,19	11,36	Ísland(evrum)	11,02	7,44	7,9 ¹
Malta	3,22	3,51	4,49	Ísland(ISK)	1359	1321	1232 ¹
Portúgal	5,74	5,53	4,31	Viðmiðunargengi	123	178	156

¹ Með beini.

Heimild: Eurostat (2009, 2010 og 2011)

Af töflunni hér að ofan má sjá verð á svínakótelettum í Evrópu í júní 2008, 2009 og 2010. Athuga ber að listinn er ekki tæmandi og nær eingöngu til þeirra landa sem voru með í verðkönnun Eurostat. Verð á kótelettum ætti að gefa einhverja mynd af verði á svínakjötsafurðum almennt en þó gæti verið einhver munur milli landa. Verð á svínakótelettum var um €7 að meðaltali í ofangreindum löndum bæði sumarið 2008 og

²⁹ Raungengið er mælikvarði á hlutfallslegt verðlag milli landa. Á heimasíðu Seðlabankans segir að raungengi megi skilgreina sem „hlutfallslega þróun verðlags eða launakostnaðar á einingu í heimalandi annars vegar og viðskiptalöndunum hins vegar“. Raungengi sveiflast kringum 100 stig og ef gildið er undir því er raungengið veikt en sterkt ef það er hærra en 100.


³⁰ Sumarið 2008 var raungengið í 87 stigum, 67 stig sumarið 2009 og 75 sumarið 2010. Ljóst má vera að æll gildin eru veik í sögulegum samanburði en þó er gildið árið 2008 ekki ýkja langt frá langtíma meðaltali.

2009 en lækkaði árið 2010. Hæst var verðið í Sviss, um €20, en þar á eftir kom Finnland þar sem verðið var rétt ríflega €12. Verðið á Íslandi var um €11 árið 2008 en lækkaði í ríflega €7,5 til €8 árin 2009 og 2010. Sú breyting sem á sér stað milli áranna 2008 og 2009 skýrist af veikingu krónunnar, enda helst helst verð stöðugt milli ára í krónum talið (um 1.300 krónur bæði árin). Líkt og segir hér að framan er ekki hægt að ætlast til þess að raungengi krónunnar verði jafn veikt og það var um mitt ár 2009 og því gefur það verð sem miðað er við um mitt ár 2008 sennilega betri mynd af raunstöðu en verðið ári síðar. Nokkra athygli vekur að verð á svínakótelettum í Finnlandi er hærra en á Íslandi bæði árin. Miðað við að raungengi var frekar veikt þá má telja líklegt að verð á svínakjöti sé svipað í Finnlandi og á Íslandi. Verð í öðrum Evrópuríkjum er að jafnaði mun lægra.

10 Rekstrarumhverfi finnskrar svínaræktar


10.1 Styrkir í finnskum landbúnaði

Finland gerðist aðili að ESB árið 1995 og í kjölfarið var landinu skipt upp í sjö mismunandi styrksvæði. Þau sem eru syðst, svæði A og B, njóta minni styrkja en þau sem eru norðar. Á mynd 12 má sjá skiptingu landsins eftir styrksvæðum. Stærstur hluti svínaræktarinnar fer fram í suður- og vesturhluta Finnlands en einhver framleiðsla fer þó fram í öðrum landshlutum líkt og sjá má af mynd 13 hér að neðan. Um 75% af svínaræktuninni fer fram í Varsinais-Suomi og Satakunta í suð-vestur Finnlandi auk þriggja svæða í Austurbotni (Ostrobothnia).



Heimild: Mavi: Agency for Rural Affairs (2007).

Mynd 13: Styrkveitingasvæði í finnskum landbúnaði (vinstra megin).



Heimild: Information Centre of the Ministry of Agriculture and Forestry (2010)

Mynd 12: Fjöldi eldissvína(yfir 50 kg) eftir landssvæðum(hægra megin).

Styrkjum í finnskum landbúnaði má í raun skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er það stuðningur sem er fjármagnaður að fullu af Evrópusambandinu. Undir þennan flokk falla CAP niðurgreiðslur (e. Common Agricultural Policy subsidies) og akurlandsstyrkir (e. Arable land).

Árið 2006 var niðurgreiðslukerfinu breytt og tekið upp svokallað eingreiðslukerfi (e. single farm payment). Í því felst að flestir styrkir vegna landbúnaðar falla undir það kerfi.

Í öðru lagi eru það stuðningur vegna harðbýlis (e. natural handicap eða less favored areas (LFA)) og umhverfisstyrkir (e. agri-environment payments). Þær greiðslur eru að hluta fjármagnaðar af Evrópusambandinu og að hluta til af finnska ríkinu.


Í þriðja lagi eru það ríkisstyrkir sem finnska ríkið fjármagnar að fullu. Ríkisstyrkir innihalda meðal annars norðurslóðastuðning, auk aðstoðar við ræktun í gróðurhúsum. Leyfi þarf að fást frá ESB fyrir hverskonar niðurgreiðslum. Samkvæmt aðildarsamningi Finnlands þá var þeim leyft að ríkisstyrkja innlendan landbúnað. Annars vegar er um að ræða beina ríkisstyrki (e. national aid) og hins vegar norðurslóðastuðning sem veittur er til svæða norðan við 62 breiddargráðu. Þau svæði sem falla undir þennan stuðning eru svæði sem tilheyra svæði C á kortinu hér á undan.³¹ Innan norðurslóðastuðnings fellur einnig stuðningurinn til ræktunar í gróðurhúsum og geymslustyrkir á afurðum garðyrkjunnar. Geymslustyrkirnir ná nær eingöngu til afurða útiræktunar (Finnsih Agriculture and Rural Industries, 2000). Sumar greinar landbúnaðar fengu styrki fyrir 1995 og sem dæmi þá var mjólkurframleiðsla niðurgreidd að einhverju marki (Finnsih Agriculture and Rural Industries, 2000).

10.1.1 Breytt styrkjakerfi ESB

Undanfarna áratugi hefur styrkjakerfi Evrópusambandsins tekið miklum breytingum. Kerfið var byggt upp á útflutningsbótum og öðrum styrkjum. Kerfið hefur hinsvegar færst að miklu leyti frá því að vera framleiðslutengt í beingreiðslukerfi þar sem greiðslur eru mun minna tengdar framleiðslu. Eins og sjá má á mynd 10.2 hér að neðan hafa útgjöldin aukist vegna nýrra aðildarríkja, en jafnframt lækkað sem hlutfall af þjóðarframleiðslu ESB, frá miðjum 10. áratug 20. aldar. Jafnframt hafa orðið stórfelldar breytingar á fyrirkomulagi stuðnings við landbúnað. Dregið hefur úr framleiðslustyrkjum og útflutningsbótum en þess í stað hafa verið teknar upp greiðslur ótengdar framleiðslu og dreifbýlisstyrkir.

Þessar breytingar hafa orðið við heildarendurskoðun CAP. Ein mesta breyting sem gerð hefur verið á landbúnaðarstefnu ESB í fjóra áratugi varð við endurskoðun hennar sem lauk árið 2003. Aðalmarkmið breytinganna var að hverfa frá framleiðslutengdum styrkjum í landbúnaði og greiða þá án markaðstruflandi áhrifa s.s. með hliðsjón af umhverfisþáttum, dýravernd og heilbrigði dýra og afurða.

³¹ Svæðum hefur verið breytt lítillega frá þeim tíma og ekki er einvörðungu miðað við 62. breiddargráðu.



Mynd 14: Þróun útgjalda til CAP og skipting þeirra frá 1980 til 2009.

10.2 Heildarstuðningur til finnsks landbúnaðar

Áætlað er að heildarstyrkir til landbúnaðar í Finnlandi verði um 1.900 milljónir evra árið 2011. Þar af voru CAP niðurgreiðslur 541 milljón, harðbýlisstyrkir (e. LFA) 422 milljónir og umhverfisstyrkir 372 milljónir. Þessir styrkir eru að öllu eða að hluta til fjármagnaðir af ESB. Þar að auki voru greiddir ríkisstyrkir að upphæð 556 milljónir evra. Af töflu 23 má sjá heildarstuðning til landbúnaðar í Finnlandi frá 1995.

Tafla 23: Heildarstuðningur við landbúnað í Finnlandi.

	1995	1996	1997	1999	2000	2006	2007	2008	2009	2010	2011 ³
CAP niðurgreiðslur	273	274	266	276	382	541	551	557	552	545	541
Harðbýlisstyrkir	272	268	270	296	414	420	421	421	420	419	422
Umhverfisstuðningur	237	258	267	270	276	294	315	330	351	358	372
Ríkisstyrkir ¹	1279	718	674	572	590	611	572	555	552	587	561
Heildin (A+B+C)	2061	1591	1482	1414	1662	1866	1859	1853	1878	1909	1896
Greitt af ESB	20%	30%	32%	36%	40%	41%	41%	41%	41%	40%	40%
Greitt af Finnum	80%* ²	70%	68%	64%	60%	59%	59%	59%	59%	60%	60%

1. Undir þennan flokk falla margskonar styrkir sem hafa breyst frá aðild að ESB en þeim er öllum slegið saman í þessum flokki til einföldunar. 2. Nokkur óvissa er um nákvæma skiptingu fyrir þetta ár vegna ýmiskonar tilfærslna. 3. Áætlun.

Heimildir: Finnish Agriculture and Rural Industries (1998, 2005 og 2011)

Ef horft er til heildarstuðnings til landbúnaðar þá má sjá að um 60% hafa verið greidd af finnska ríkinu en 40% ef ESB. Skýringuna á mikilli hækkun styrkja frá árinu 1999 má fyrst og fremst rekja til þess að CAP styrkir til finnskra bænda jukust um 60% á tímabilinu 1999-

2002. Ástæða þess er góður árangur sem Finnar náðu við Agenda 2000 endurskoðun CAP. Áhrif hennar voru m.a. þau að í fyrsta sinn árið 2000 voru greiddir styrkir til votheysverkunar í Finnlandi, auk þess sem Finnland í heild sinni var skilgreint sem harðbýlt svæði það ár í stað 85% áður (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2002).

10.3 Breytingar á finnska styrkjakerfinu 2009

Ríkisstyrkir til suðurhluta Finnlands, þ.e. til svæða A og B, byggja á grein 141 í aðildarsamningi Finnlands. Greinin leyfir stuðning til greina vegna mikilla erfiðleika (e. serious difficulties) sem rekja má til inngöngu Finnlands í ESB. Hvorki tímabil né hámark styrkja er tilgreint í samningnum. Samkvæmt skýrslu MTT Finnland þá hafa finnsk stjórnvöld túlkað ákvæðið með þeim hætti að það gæfi þeim leyfi til að styrkja viðkomandi greinar til lengri tíma litið. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er hins vegar ekki á sama máli og telur að einvörðungu sé um tímabundna undanþágu að ræða (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2009).

Samkvæmt samkomulagi milli Finnlands og Framkvæmdastjórnar ESB, sem náðist í nóvember 2007, þá var samið um áframhaldandi greiðslur til finnskrar garðyrkju og griparæktar (e. livestock production) til ársins 2013. Ríkisstyrkir til svínaræktunar og alifuglaræktunar falla undir þetta ákvæði en gert er ráð fyrir því að styrkir til þeirrar ræktunar lækki umtalsvert undir lok tímabilsins. Í samkomulaginu felst að styrkir sem falla undir 141 grein aðildarsamningsins, sem námu €93,9 milljónum árið 2008, til suðurhluta Finnlands lækka um 3,7% að meðalatali árin 2009 til 2011. Áætlað er að styrkirnir lækki umtalsvert árin 2012 og 2013, eða um €30 milljónir og er skerðingin mest í svínarækt og alifuglarækt (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2009).

Í samkomulaginu felst einnig að frá og með árinu 2009 eru styrkir til svína- og alifuglabænda óháðir framleiddu magni. Þess í stað er svína- og alifuglabændum greiddir styrkir sem miða að mestu við framleitt magn árið 2007. Finnska ríkinu var einnig leyft að veita fjárfestingarstyrki til ungra bænda í griparækt sem og svína- og alifuglarækt auk þess að ræktendur eru styrktir til að hætta framleiðslu og eru þeir styrkir veittir í allt að tvö ár eftir að framleiðslu er hætt (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2010).

11 Rekstraryfirlit - FADN og Economy Doctor

Í þessum kafla er stuðst við gögn sem fengin eru frá Economy Doctor gagnagrunninum í Finnlandi sem er tengt MTT Finland og byggir á FADN gagnagrunni ESB. Í gagnagrunni FADN er hægt að nálgast upplýsingar um rekstur fyrirtækja í landbúnaði innan ESB. Gögnin byggja á úrtaki bóa frá hverju aðildarríki og eru sett fram á grundvelli eins fyrirtækis, þ.e. hvað fyrirtæki í t.d. svínarækt er að fá í tekjur og styrki, gjöld o.s frv. Gögnin eiga að endurspeglar viðkomandi grein. Í þessum kafla er stuðst við gögn úr þessum grunni til að sýna fram á hvernig rekstri svínabýla í Finnlandi er háttað. Þegar vísað er í FADN eða Economy Doctor er um úrtaksstærðir að ræða og miðast tölurnar við meðaltal á hvert býli.

11.1 Rekstur bóa - dæmi

Í töflu hér að neðan má finna rekstrargögn um finnsk svínabú. Gögnin sýna tekjur bóa að meðaltali og hve stór hluti af tekjum býla kemur frá styrkjum.

Tafla 24: Tekjuskipting býlis í svínarækt (þúsund € per býli að meðaltali).

	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Heildartekjur	119,5	152,4	158,4	146,6	166,3	202,0	194,0	262,0	252,5	289,8	311
Styrkir samtals	36,0	48,1	45,9	49,4	52,2	57,9	55,4	63,2	65,9	64,3	65,0
<i>CAP styrkir</i>	4,9	8,3	8,8	9,3	9,7	10,4	9,79	9,72	11,0	11,2	10,7
<i>LFA styrkir</i>	3,8	7,5	7,9	8,6	8,8	9,3	9,52	10,4	11,2	11,4	11,0
<i>Umhverfisstyrkir</i>	3,6	4,8	5,1	5,7	5,8	6,6	6,56	8,15	9,34	8,1	7,4
<i>Ríkisstyrkir¹</i>	22,2	27,1	23,5	25,1	25,8	29,5	27,8	33,6	32,7	32,1	34,7
<i>Aðrir styrkir</i>	1,6	0,5	0,7	0,5	1,9	1,6	0,9	0,4	0,6	0,5	0,1
<i>Fjárfestingastyrkir</i>	0	0	0	0,3	0,3	0,6	0,8	0,9	1,0	1,0	1,1
Styrkir (% af tekjum)	30,1%	31,5%	29,0%	33,7%	31,4%	28,6%	28,5%	24,1%	26,1%	22,2%	20,9%

Heimild: Economy Doctor, (2012).

Af ofangreindri töflu má greina töluverða stækkun býla á tímabilinu. Tekjur svínabýla hafa ríflega tvöfaldast á tímabilinu og farið úr því að vera 120 þúsund evrur að meðaltali í 252 þúsund evrur eða tæplega 38 milljónir króna árið 2008.³² Ef tekjurnar eru bornar saman við Ísland má sjá að tekjur í svínarækt eru umtalsvert meiri eða um 200 milljónir á hvert býli árið 2008. Þessar tölur samræmast fyrri niðurstöðum um að búin hér á landi séu að meðaltali mun

³² M.v. gengi krónu 150 per €.

stærri en í Finnlandi. Styrkir til svínabænda hafa vaxið nokkuð samfara stækkun þeirra. Hækkunin er þó ögn minni en aukning tekna og því hafa styrkir í hlutfalli við tekjur lækkað. Greinileg lækkun hefur þó átt sér stað, sérstaklega síðustu 5 ár.

11.1.1 Fjármögnun styrkja til svínabænda

Ekki er hægt að sjá nákvæmlega hve hátt hlutfall styrkja til svínabænda er fjármagnað af Finnum og hve mikið af ESB. Einnig er erfitt að sjá hve miklum fjárhæðum er varið í heildina til svínaréktar og út frá því meta hve stórt hlutfall er fjármagnað af ESB og Finnum. Hinsvegar má áætla þessa skiptingu útfrá gögnunum hér að framan og m.v. hve hátt hlutfall ESB fjármagnar almennt af hverjum styrk fyrir sig. Sjá töflu 24 hér að framan til að sjá hve hátt hlutfall er fjármagnað af ESB og Finnum. Með þeirri aðferð má sjá út frá töflu 24 hér að framan hvernig þessi kostnaður fellur milli aðila. Vitað er að CAP greiðslurnar eru einvörðungu fjármagnaðar af ESB og ríkisstyrkir að fullu fjármagnaðir af Finnum. Áætlað er að ESB fjármagni um 28% af harðbýlisstyrkjum (LFA) og 29% umhverfisstyrkja í finnskum landbúnaði almennt. Út frá því má áætla að ríflega fjórðungur styrkja til svínaréktar komi frá ESB en það sem eftir stendur kemur frá finnska ríkinu.

11.1.2 FADN-svínarékt

Hér að neðan má finna samanburð á styrkjum til býla í nokkrum Evrópuríkjum.³³ Gögnin byggja á FADN grunni ESB en eru fengin úr gagnabanka Economy Doctor í Finnlandi.

Tafla 25: Heildartekjur svínabúa og styrkir í nokkrum Evrópuríkjum (€, nema annað sé tekið fram).³⁴

	ESB	Svíþjóð	Finnland	Pólland	Austurríki	Holland	Malta	Danmörk
Heildar styrkir¹	12.518	14.212	66.871	2.246	9.903	2.583	39.760	34.088
<i>Styrkir vegna gripa</i>	2.480	1.716	30.242	0	38	0	33.449	23
<i>Umhverfisstuðningur</i>	1.632	1.896	7.987	245	2.533	412	33	1.144
<i>Harðbýlisstyrkir²</i>	1.377	725	15.920	181	345	0	0	0
<i>Eingreiðslustyrkir³</i>	5.196	8.283	9.912	0	5.386	2.008	295	26.757
<i>Aðrir styrkir</i>	1.832	1.593	2.810	1.820	1.601	162	5.983	6.163
Meðalstærð býla(ESU)⁴	101,4	112,2	114,1	10,6	38,7	213,3	43,4	454,5
Heildar tekjur	293.447	320.866	234.605	20.967	115.687	796.722	140.487	1.025.108
Hlutfall styrkja af tekjum	4,3%	4,4%	28,5%	10,7%	8,6%	0,3%	28,3%	3,3%

1. Án fjárfestingarstyrkja. 2. LFA- styrkir 3. (e. Single farm payment) 4. Mælt í ESU (e. European size unit)

Heimild: Economy Doctor, (2010)

³³ Ekki voru til sambærileg gögn fyrir fleiri ríki.

³⁴ Gögn byggja á úrtaki sem á að endurspeglar viðkomandi grein.

Af töflu 25 má sjá að styrkir í svínarækt eru misháir eftir ríkjum. Þeir eru hæstir í hlutfalli við tekjur í Finnlandi og á Möltu, 28,3% og 28,5%. Meðaltalið fyrir Evrópu sem heild er hins vegar rétt ríflega 4%. Hlutfallið er afar breytilegt milli ríkja líkt og greina má af töflu 25 hér að ofan. Hlutfallið er til að mynda 0,3% í Hollandi og 3,3% í Danmörku. Þó ber að taka tillit til þess að svínabú í Danmörku og Hollandi eru fjórfalt og tvöfalt stærri en bú í Finnlandi að meðaltali. Sú staðreynd að býli eru stærri þar sem styrkir eru minni gefur til kynna að samkeppnishæfni þeirri sé meiri og um hagkvæmari einingar sé að ræða og því minni þörf á styrkjum.

12 Íslensk svínabú í finnsku umhverfi

Margt er líkt með aðstæðum á Íslandi nú og í Finnlandi fyrir aðild þeirra að Evrópusambandinu. Hér að neðan er gerð tilraun til að meta áhrif aðildar ESB á íslensk svínabú í ljósi reynslu Finna og finnska aðildarsamningsins. Einnig er metin líkleg verðlækkun skilaverðs og stuðningsþörf ef tryggja á að rekstraraðstæður íslenskrar svínaræktar verði svipaðar eftir aðild og þær eru nú. Skortur er hinsvegar á gögnum hér á landi, t.d. um vægi kjötvinnslu, sem torveldar þennan samanburð að hluta. Sökum gagnaskorts verður þetta aðeins gróft mat sem gefur hugmynd um við hverju megi búast ef til aðildar kemur.

12.1 Forsendur

Í undirköflunum hér að neðan má finna upplýsingar um helstu forsendur sem liggja að baki útreikningunum á áhrifum aðildar ESB og afnámi markaðsverndarinnar á svínarækt héraendis. Niðurstöðu þeirra útreikninga má sjá í kafla 12.2.

12.1.1 Breyting einstakra kostnaðarliða³⁵

Heildarkostnaður finnskra bænda lækkaði um 13% fyrsta árið eftir aðild að Evrópusambandinu. Líklega má rekja þá breytingu til minni framleiðslu sem og einhvers kostnaðarábata aðildar. Vægi einstakra kostnaðarliða breyttist nokkuð sem bendir til að aðildin hafi dregið úr einhverjum kostnaðarliðum. T.a.m. lækkaði vaxtakostnaður landbúnaðarins í heild umtalsvert fyrstu árin eftir aðild.³⁶ Einnig lækkaði kostnaður vegna aðfanga umtalsvert við aðild, sérstaklega vegna áburðar, olíu og skordýraeiturs. Annar kostnaður breyttist minna.

Héraendis mun aðild að öllum líkindum hafa hliðstæð áhrif á kostnað, aðallega aðkeypt aðföng og fjármagnsliði. Ólíklegt má telja að aðildin hafi veruleg áhrif á fastan kostnað, launakostnað eða aðkeypta þjónustu. Við áætlun á breytingu kostnaðarliða er gengið útfrá því að fastur kostnaður breytist ekki en breytilegur kostnaður muni lækka um 5%. Fastur kostnaður inniheldur liði sem eru að mestu eða öllu leyti óháðir aðild að ESB. Lækkun á breytilegum

³⁵ Forsendur í þessum kafla byggja að hluta á sambærilegri skýrslu Hagfræðistofnunar fyrir garðyrkjubændur sem birt var sumarið 2010. Björn Þór Arnarson og Daði Már Kristófersson, 2010. *Staða og horfur garðyrkjunnar - Ísland og Evrópusambandið*. Skýrsla nr. C10:05. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

³⁶ Vaxtakostnaður lækkaði ríflega 30% frá 1995 til 1997. Ef miðað er við árið 1993, tveimur árum fyrir aðild, er lækkunin um 60%.

kostnaði má rekja til þess að aðföng og almennt verðlag muni lækka í kjölfar aðildar. Þetta er svipuð þróun og mátti sjá í Finnlandi árin eftir aðild.

Sérstaklega ber að nefna áhrif aðildar á ytri skilyrði innlendra fóðurframleiðslu. Mikil aukning hefur orðið í umfangi akuryrkju hér á landi á undangengnum áratugum. Sem dæmi hefur flatarmál akra aukist úr um 200 ha árið 1991 í rúmlega 4000 ha árið 2010. Heildarframleiðsla korns var um 16400 tonn árið 2010.³⁷ Þó svo kornrækt hafi aukist er enn fjarri því að hún mæti eftirspurn eða að hún sé farin að nálgast mögulegt hámarks umfang. Að mati starfshóps sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fól að meta skoða möguleika á eflingu kornræktar á Íslandi er helsti vandi kornræktarinnar skekkkt samkeppnisstaða hennar gagnvart niðurgreiddri evrópskri framleiðslu. Var það mat hópsins að möguleikar kornræktarinnar til samkeppnishæfrar framleiðslu væru umtalsverðir ef hún nyti svipaðrar fyrirgreiðslu og í nágrannaslöndunum.³⁸ Því má færa rök fyrir því að aðgangur svínabænda að ódýrara fóðri og tækifæri þeirra til hagkvæmrar eigin fóðurframleiðslu mundu batna til muna við aðild að Evrópusambandinu. Erfitt er þó að meta áhrif þessa fyrirfram, og er því ekki sérstaklega vikið að þessu hér.

Ef vaxtamunur á milli Finnlands og Íslands er skoðaður þá má ætla að fjármagnsliðir muni lækka verulega við aðild að ESB. Lækkun á vöxtum mun koma sér vel fyrir svínaræktina enda er hún fremur skuldsett samanber umfjöllun hér að ofan. Út frá áætlun á nafnvaxtamuni, að teknu tilliti til verðbólguþróunar, milli Finnlands og Íslands undanfarin 10 ár þá má ætla að fjármagnsliðir svínaræktarinnar gætu lækkað um 35% til 40% við aðild. Í þessari greiningu er gert ráð fyrir að lækkunin verði 37,5%. Ekki er gert ráð fyrir því að afskriftir breytist við aðild.

12.1.2 Vægi kostnaðarliða

Til að meta hve mikið vægi einstakir kostnaðarliðir í svínarækt héraðs hafa þá er stuðst við gögn frá Hagþjónustu bænda. Notuð eru gögn fyrir árin 2001 til 2007 og 2009. Árið 2008 er undanskilið þar sem afar hár vaxtakostnaður og verðbætur bjaga allan samanburð. Rekstur og afkoma svínaræktarinnar sveiflaðist nokkuð á tímabilinu frá 2001 til 2007 og 2009 líkt og fjallað er um hér að framan. Því ættu umrædd ár að gefa ágæta mynd af rekstrarafkomu greinarinnar almennt en ekki bara af árum í upp- eða niðursveiflu.

³⁷ Intellecta ehf., 2009. Kornrækt á Íslandi – Tækifæri til Framtíðar –. Skýrsla fyrir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2011. Tillögur starfshóps um eflingu kornræktar á Íslandi.

³⁸ Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2011. Tillögur starfshóps um eflingu kornræktar á Íslandi.

12.1.3 Fjarlægðarvernd og Íslandsálag

Við inngöngu í ESB er líklegt að þrátt fyrir afnám tolla þá muni samt sem áður haldast ákveðinn verðmunur á milli innlendra og erlendra vara, þ.e. einskonar „Íslandsálag“. Dæmi um þetta má sjá af reynslu grænmetisbænda af afnámi tolla árið 2002. Í nýlegri skýrslu³⁹ Hagfræðistofnunar er fjallað ítarlega um stöðu íslenskrar garðyrkju og möguleg áhrif af inngöngu í ESB. Þar kemur m.a. fram að reynsla Finna og íslenskra grænmetisbænda sýnir að þrátt fyrir afnám tolla þá muni verð ekki jafnast að fullu og ákveðinn verðmunur haldast áfram á innlendu og innfluttu vörunni. Gert er ráð fyrir að þetta álag sé um 10%.

Þar að auki er gert ráð fyrir ákveðinni fjarlægðarvernd sem felst í auknum flutningskostnaði. Flutningskostnaður er áætlaður út frá upplýsingum um verð búvara sem þegar eru fluttar hingað.⁴⁰ Vitað er að það tekur að jafnaði um 6 til 8 daga að flytja vörur með skipi sem veitir ákveðna vernd innanlands. Gert er ráð fyrir 5% álagi af þeim sökum.

12.1.4 Gengisþróun

Líkt og fjallað var um hér á myndum 9 og 10 hér að ofan þá hefur verð á svínakjöti til bænda hérlendis verið nokkru hærra en í ESB. Til að meta hve mikið hærra verðið er hér á landi er nauðsynlegt að taka tillit til þess hve sterk áhrif gengissveiflur hafa á þennan samanburð. Þar sem gengi krónunnar hefur mikil áhrif á hlutfallslegt verð innlendra afurða í samanburði við erlendar er nauðsynlegt að taka mið af þeim miklu sveiflum sem átt hafa sér stað undanfarin ár. Raungengi krónunnar er nú langt fyrir neðan langtímameðaltal og því er sennilegt að gengi krónunnar muni styrkjast á komandi árum. Í greiningunni hér að neðan er leiðrétt fyrir þessum sveiflum með því að festa raungengi krónunnar m.v. langtímameðaltal.⁴¹

12.1.5 Verð og framleitt magn

Af töflunni hér að neðan má sjá áætlun á verðlækkun til bænda eftir að búið er að taka tillit til fjarlægðarverndar og „Íslandsálags“.

³⁹ Björn Þór Arnarson og Daði Már Kristófersson, 2010. *Staða og horfur garðyrkjunnar -Ísland og Evrópusambandið*. Skýrsla nr. C10:05. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

⁴⁰ Horft er á verð í heimahöfn á meginlandi Evrópu og við löndun á Íslandi (FOB og CIF-verð í innflutningsskýrslum).

⁴¹ Miðað við núverandi mat Seðlabanka Íslands á raungengi og gengi evru má áætla að langtíma meðaltalsraungengi verði náð við gengi evru um 120 kr/€.

Tafla 26: Hlutfallslegt verð á svínakjöti í ESB og Íslandi eftir að búið er að leiðrétta fyrir raungengissveiflur (meðaltal áráanna 2006 til 2009).¹

	Hlutfallslegt verð
Verð í ESB	1,04
<i>Fjarlægðarvernd</i>	+5%
<i>Íslandsálag</i>	+10%
<i>Samtals</i>	1,20
Verð á Íslandi	1,97
<i>Mismunur(%)</i>	39%

¹Sjá mynd 9 fyrir tölur án leiðréttingar fyrir gengissveiflur.

Af töflunni hér að ofan má sjá að miðað við ofangreindar forsendur þá lækkar verð til bænda um 39%. Hér er ekki gert ráð fyrir neinum mótvægisáðgerðum af hálfu stjórnvalda. Slíkar áðgerðir gætu mildað verðlækkunina umtalsvert. Ofangreind tafla er jafnframt sett fram án tillits til þess hvort magn framleiðslu muni breytast.

12.1.6 Framleitt magn

Við aðild að Evrópusambandinu munu hlutfallsleg verð breytast og mun mikil verðlækkun á einni kjöttegund geta haft mikil áhrif á kjötmarkaðinn í heild sinni. Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2009⁴² var áætlað að lítil sem engin verðlækkun myndi verða á nauta- og dilkakjöti en lækkunin myndi nema um 35% til yfir 70% á öðrum afurðum. Mest var áætlað að verð á kjúklingi myndi lækka. Slíkar breytingar á hlutfallslegu verði munu móta neyslu og breyta hve mikið við neytum af kjöti. Í þessari greiningu er ekki horft til mögulegra krossáhrifa af völdum þeirra lækkana sem gætu orðið af völdum lækkunar á ýmsum staðkvæmdarvörum.

Vægi kjötvinnslu í svínakjötsframleiðslu er umtalsvert. Við opnun markaða fyrir unnar kjötafurðir er hugsanlegt að samkeppnisstaða þeirra muni veikjast. Rekja má það til þess að mikil hagkvæmni stærðar er innan þeirrar greinar. Af þeim sökum er líklegt að verð á unnum vörum muni lækka meira en nefnt er hér að framan og óunnar vörur minna. Erfitt er hinsvegar að segja til um hvernig það mun þróast sökum skorts á gögnum um innlendar vinnslustöðvar.

Ef miðað er við tölur um framleitt magn af svínakjöti og hlutfall fersks svínakjöts í kjötvísitölu Hagstofunnar þá má áætla að meira en helmingur af því svínakjöti sem sé framleitt fari til vinnslu. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að hlutfallið sé 60%. Þar að auki er

⁴² Hagfræðistofnun, (2009). *Bakgrunnsskýrsla- Íslensk bú í finnsku umhverfi*.

gert er ráð fyrir því að vinnsla á unnum kjötvörum muni dragast saman um 80% sem endurspeglar veikari samkeppnisstöðu innlendra kjötvinnsla. Minni vinnsla á kjöti gæti því leitt til þess að framleitt magn dragist saman um 48%.

12.2 Íslensk svínabú eftir aðild

Við áætlun á áhrifum aðildar að ESB á íslensk svínabú eru settar fram tvær ólíkar sviðsmyndir. Í sviðsmyndunum hér að neðan er sýnt hvernig útlit er fyrir að svínaræktinni muni reiða af með og án styrkja sem kæmu til vegna aðildar að Evrópusambandinu. Einnig eru áhrifin sýnd m.v. ólíkar forsendur um þróun magns.

- **Sviðsmynd 1** gerir ráð fyrri að verð til bænda muni lækka um 39% og kostnaðarlækkun verði í samræmi við það sem fjallað er um hér að ofan. Magn sem framleitt er muni standa í stað. Áhrifin eru bæði sýnd með og án mögulegra styrkja sem kæmu til vegna samdráttar í framleiðslu.
- **Sviðsmynd 2** gerir ráð fyrir því að verð lækki um 39% til bænda auk þess sem gert er ráð fyrir því að framleiðsla á unnum svínakjötsafurðum muni dragast saman um 80%. Af þeim sækum myndi framleitt magn dragast saman um 48%. Gert er ráð fyrir því að breytilegur kostnaður muni lækka í samræmi við minni framleiðslu, þ.e. um 48% umfram þau 5% sem gert var ráð fyrir í upphaflegu forsendunum. Annars eru gerðar sömu forsendur um breytingar á kostnaði og hér að framan.

Af töflunni hér að neðan má sjá hvernig þessar tvær sviðsmyndir fyrir afkomu svínaræktarinnar líta út ef ekki er gert ráð fyrri neinum mótvægisáðgerðum eða tilkomu styrkja.

Tafla 27: Áætlun á afkomu svínaræktar m.v. inngöngu í ESB (án styrkja og/eða mótvægisáðgerða).¹

	Núverandi	Sviðsmynd 1	Sviðsmynd 2
Tekjur	100	61	32
Kostnaður alls	98	92	82
<i>Fastur kostnaður</i>	<i>57</i>	<i>57</i>	<i>57</i>
<i>Breytilegur kostnaður</i>	<i>23</i>	<i>21</i>	<i>12</i>
<i>Fjármagnskostnaður</i>	<i>13</i>	<i>8</i>	<i>8</i>
<i>Afskriftir</i>	<i>6</i>	<i>6</i>	<i>6</i>
Hagnaður/tap	2	-31	-51

1. Taflan byggir á rekstarupplýsingum um kostnaðarsamsetningu og afkomu svínaræktarinnar frá 2001 til 2007 og 2009. Gert er ráð fyrir því að meðaltekjur á tímabilinu séu 100 og aðrir kostnaðarliðir og afkoma metnir hlutfallslega út frá því.

Miðað við núverandi aðstæður svínaræktarinnar þá er um umtalsverðan tekjusamdrátt að ræða og versnandi afkomu. Lítilsháttar hagnaður var af greininni á viðunartímabilinu en til samanburðar þá má gera ráð fyrir töluverðu tapi eftir aðild ef ekki er gripið til neinna styrkja eða mótvægisáðgerða. Ef litið er á sviðmynd 1 (óbreytt magn en tekjusamdrátt) þá má sjá að umfang þeirra styrkja þyrfti að nema um 33%⁴³ af *núverandi* tekjum greinarinnar til að tryggja sambærilega rekstrarafkomu og nú. Ef samdráttur verður umtalsverður í magni og verði, sbr. sviðsmynd 2, þá þarf aukna styrki sem myndu nema um 53%⁴⁴ af *núverandi* tekjum greinarinnar til að tryggja sambærileg rekstrarskilyrði eftir aðild.

12.2.1 Umfang styrkja

Miðað við ofangreindar áætlanir og upplýsingar um veltu svínaræktarinnar þá má reikna út hve háir styrkir til svínaræktunarinnar þyrftu að vera til tryggja sambærilega afkomu. Söluvirði svínakjöts árið 2010 er áætlað um 1.800 milljónir króna. Ef miðað er við útreikninga í kaflanum hér að framan um umfang styrkja sem þarf til að tryggja sambærilega afkomu má áætla kostnaðinn. Í töflu 28 hér að neðan er árlegur kostnaður áætlaður.

Tafla 28: Áætluð stuðningsþörf til svínabænda vegna aðildar að ESB (í milljónum króna).

	Stuðningsþörf
Sviðsmynd 1 (33%)	594
Sviðsmynd 2 (53%)	954

Heimild: Eigin útreikningar

Af töflunni má sjá að kostnaður við styrki og stuðning sem ætlað er að tryggja afkomu svínabænda gæti verið tæplega 600 milljónir m.v. sviðsmynd 1. Þar er gert ráð fyrir að styrkir þyrftu að vera um 33% af *núverandi* tekjum svínaræktarinnar. Ef framleiðsla dregst saman og verð lækkar líkt og áður var fjallað um, en vilji er til að viðhalda núverandi umfangi svínaræktar, þá má áætla að stuðningsþörfin sé öllu meiri eða tæplega 1.000 milljónum króna árlega.

Af reynslu Finna má áætla að ríflega fjórðungur af styrkjum til svínabænda sé fjármagnaður af Evrópusambandinu. Ef sama staða yrði uppi hér á landi þá má gera ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna stuðnings við svínarækt yrði á bilinu 400 til 750 milljóna króna árlega.

⁴³ Jafngildir um 50% af tekjum greinarinnar eftir aðild.

⁴⁴ Jafngildir því að styrkir þyrftu að vera jafn háir og tekjur greinarinnar, þ.e. um 100% af tekjum greinarinnar eftir aðild.

12.2.2 Svínabú með styrkjum

Erfitt er að áætla styrkveitingar íslenskra svínabúa með nákvæmum hætti miðað við reynslu Finna. Kerfið hefur tekið umtalsverðum breytingum frá aðild þeirra í samræmi við breyttar áherslur innan Evrópusambandsins. Árið 2009 var tekið í notkun nýtt kerfi í svínaræktinni þar sem greiðslur til bænda eru aftengdar framleiðslu. Þess í stað fá bændur eingreiðslu sem á að þjóna sama hlutverki. Sú breyting gerir samanburðinn umtalsvert erfiðari. Um þetta er fjallað hér að framan í kafla 10.3.

Í töflum 24 og 25 eru sýndar upplýsingar um rekstrarniðurstöðu finnskra svínabúa frá 1998 til 2008.⁴⁵ Af þeim niðurstöðum má sjá að styrkir hafa að jafnaði verið um 25% til 33% af tekjum bænda á tímabilinu.

Tafla 29: Áætlun á afkomu svínaræktar m.v. inngöngu í ESB (með styrkjum og/eða mótvægisáðgerðum af svipuðum skala og í Finnlandi).

	Núverandi	Sviðsmynd 1	Sviðsmynd 2
Tekjur alls	100	87	57
<i>Tekjur af afurð</i>	100	61	32
<i>Styrkir(30% af tekjum)</i>	0	26	14
Kostnaður	96	92	82
Hagnaður/tap	4	-5	-37

Ef gert er ráð fyrir því að greiddir verði styrkir á Íslandi sem nemi um 30% af heildartekjum svínaræktunarinnar, líkt og í Finnlandi, þá munu þeir styrkir fara langt með að tryggja svínaræktinni sambærileg rekstrarskilyrði og nú ef miðað er við sviðsmynd 1. Ef hinsvegar samdráttur verður í magni, sbr. sviðsmynd 2, auk verðlækkunar mun staða svínabænda versna til muna. Styrkir sem nema um 30% af tekjum eftir aðild munu ekki ná að brúa nema lítinn hluta þeirrar gjár sem myndast hefur milli rekstrarafkomu svínabænda fyrir og eftir aðild.

Umtalsverð samþjöppun hefur átt sér stað í svínarækt hérlendis undanfarin ár. Af reynslu Finna mátti sjá um 60% fækkun svínabýla eftir aðild. Þar sem býli eru almennt stærri hérlendis og þeim hefur nú þegar fækkað mikið er ólíklegt að búum myndi fækka í sama mæli hérlendis við aðild nema komi til umtalsverðs samdráttar í framleiddu magni. Þá má gera ráð fyrir að búum fækki í samræmi við minni framleiðslu.

⁴⁵ Ekki eru til sambærilegar upplýsingar fyrir árin 1995 til 1997 en líklegt má telja að styrkirnir hafi verið eitthvað hærri á þeim tíma.

Athuga ber að hér er einvörðungu um grófa áætlun að ræða enda ógerningur að vita fyrirfram af hvaða toga sá samningur sem fæst við Evrópusambandið verður. Hinsvegar gefur ofangreind áætlun hugmynd um umfang þeirra styrkja sem þarf til ef tryggja á sambærileg rekstrarskilyrði svínabænda.

12.3 Óvissuþættir

Fjölmargir óvissuþættir eru fólgnir í greiningu líkt og þeirri sem gerð var hér að framan. Óvissa um gengisþróun, hvernig aðildarsamning innlendur landbúnaður mun fá o.s.frv. gerir þessa vinnu erfiða. Óvissa í þessum útreikningum er því nokkur. Fjölmargir aðrir ytri þættir gætu haft áhrif á verðmyndun þegar markaðir fyrir landbúnaðarvörur opnast við aðild að ESB. Einn af þeim er t.d. hvaða áhrif opnun markaða mun hafa á innlendan kjötmarkað og eftirspurn eftir einstökum kjöttegundum. T.a.m. mun mikil lækkun á einni kjötafurð mögulega hafa áhrif á eftirspurn eftir öðrum innlendum kjötafurðum sem mun breyta neyslumynstri á innlendu kjöti. Umtalsverð lækkun á kjúklingi líkt og merki eru um gæti þar haft mikil áhrif. Ekki er tekið tillit til krossteygni afurða í greiningunni hér að framan.

Annar þáttur sem gæti haft nokkur áhrif á verðmyndun búvara hérlendis er breyting á markaðsstyrk bænda og heild- og smásala. Rannsóknir á verðmyndun búvara í Finnlandi hafa sýnt að markaðsstyrkur bænda veiktist á kostnað smá- og heildsala við opnun markaða. Sem dæmi þá hefur það verið metið að t.d. hlutur bænda í verðmyndun hafði lækkað um rúm 10% á léttmjólk og 20% á svínakótelettum (Finnish Agriculture and Rural Industries, 2005).

Afnám tolla við aðild og breyting á framleiðslu mun hafa áhrif út fyrir framleiðslu á svínakjöti. Kjötvinnsalur munu verða fyrir áhrifum af minni framleiðslu á svínakjöti þar sem það er mikilvægur þáttur í þeirra framleiðslu. Í greiningunni var ekki horft til áhrifa sem minni framleiðsla kann að hafa á vinnslustöðvarnar. Til þess þyrfti ítarlegri gögn um iðnaðinn en eru til staðar.

Ekki þurfa þó öll áhrifin að vera neikvæð líkt og sjá má af reynslu grænmetisbænda við afnám tolla árið 2002. Niðurfelling tolla á grænmeti hefur orðið til þess að fleiri tegundir grænmetis innan þeirra greina sem hljóta styrki eru framleiddar. Sú þróun gefur til kynna að innlenda framleiðslan sé að þjóna betur markaðnum og hún sé drifin áfram af markaðsöflum. Þetta kemur sérstaklega í ljós ef skoðuð er aukin framleiðsla á kirsuberjatómötum og breytt samsetning á paprikurækt gefur það til kynna að ræktunin hérlendis sé að bregðast við eftirspurn neytenda og þörfum þeirra í auknum mæli.

Ræktun kirsuberjatómata hér á landi sýnir að mögulegt er að rækta vöru á arðbæran máta án þess að styrkir séu ráðandi hluti af tekjum ræktenda. (Björn Þór Arnarson og Daði Már Kristófersson, 2010). Líklegt er að aðlögun í þessa veru muni einnig eiga sér stað innan svínaræktarinnar, þ.e. framleiðsla muni dragast saman á vörum sem eru ekki samkeppnishæfar við innflutning en aukast á öðrum sem þola samkeppnina betur.

13 Niðurlag

Í þessari skýrslu hefur verið lagt mat á núverandi stöðu svínaræktarinnar og þróun hennar undanfarin ár. Niðurstöðurnar sýna að afkoma svínaræktar á Íslandi hefur sveiflast nokkuð undanfarinn áratug. Eftir mikinn uppgang kringum aldamótin tók við samdráttarskeið þar sem fyrirtækjum fækkaði og þau stækkuðu. Neysla á svínakjöti hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár. Greinin gengur nú í gegnum nokkrar þrengingar, bæði í kjölfar hrunsins og vegna þess að framleiðsla virðist aftur orðin meiri en eftirspurn á innanlandsmarkaði segir til um. Skýrslan sýnir að um 200 manns starfi annaðhvort beint við svínarækt eða hafi atvinnu af tengdum greinum og hefur þessi fjöldi verið nokkuð stöðugur frá 2004. Bæði framleiðsla og verðmætasköpun svínaræktarinnar hefur aukist nokkuð þegar litið er á undanfarin 10 ár. Hluttur svínaræktarinnar af verðmætasköpun landbúnaðarins er um 6% og hefur farið vaxandi á kostnað annarra greina landbúnaðarins.

Verð á svínakjöti hefur farið lækkandi bæði til neytenda og bænda á undanförunum 15 árum. Lækkunin er yfir 40% að raunvirði til bænda frá 1998 til 2010. Svipaða þróun, þó ögn minni lækkun, má greina í verði á svínakjötsafurðum til neytenda.

Þegar rekstrarafkoma og efnahagsyfirlit svínaræktarinnar hérlendis er skoðuð má sjá að skuldir svínaræktarinnar fimmtánfölduðust að meðaltali frá 1998 til 2008 meðan tekjur og gjöld sexfölduðust. Mikil stækkun bóa skýrir þessa þróun að nokkru leyti. Rekstrarniðurstaða greinarinnar var ekki ýkja hagfelld, en tap var af svínarækt á 7 af þeim 12 árum sem eru tekin eru fyrir í skýrslunni. Eiginfjárstaða greinarinnar hefur einnig verið sveiflukennnd og var hún neikvæð í 5 af þeim 12 árum sem tekin eru fyrir. Hagnaður greinarinnar í hlutfalli við tekjur var mestur árið 2007 (19%) en verst var afkoman árin 2003 (-29%) og 2008 (-60%). Slæm afkoma greinarinnar árið 2008 skýrist af hruninu, enda vegur hækkun fjármagnsliða þar þungt. Margt bendir raunar til þess að rekstrarerfiðleikar hafi verið yfirvofandi vegna of mikilla fjárfestinga.

Í síðari hluta skýrslunnar er fjallað um reynslu Finna af aðild að ESB og þá þróun sem átt hefur sér stað þar frá aðild árið 1995. Fjölmarga sameiginlega þætti má finna með Íslandi og Finnlandi. Lífskjör eru svipuð, hagþróun hefur verið álíka auk þess sem bæði löndin eru fremur smá á evrópskan mælikvarða. Frá 1994 til 2008 fækkaði fyrirtækjum og störfum í finnskum landbúnaði umtalsvert en þrátt fyrir það dróst svæði undir landbúnaðarframleiðslu ekki saman. Svínaræktin tók einnig nokkrum breytingum og

hefur býlum t.a.m. fækkað um yfir 60% en þrátt fyrir það hefur framleiðsla á svínakjöti aukist og bú stækkað. Verð til framleiðenda svínakjöts lækkaði um yfir 60% á fáeinum árum eftir aðild vegna afnáms verndar. Frá þeim tíma hefur verð verið nokkuð stöðugt og hækkað lítillega. Verð á svínakjöti til neytenda lækkaði um fjórðung strax við aðild.

Svínakjöt er langveigamesta kjötafurð sem framleidd er í Finnlandi en um 200 milljón kg eru framleidd árlega en um eða innan við 100 þúsund kíló af nauta- og fuglakjöti. Mikil aukning hefur orðið í framleiðslu fuglakjöts frá aðild. Þrátt fyrir nokkurn samdrátt í útflutningi á svínakjöti strax eftir aðild þá hefur hann aukist mikið frá þeim tíma og er nú um tvöfalt meiri en hann var fyrir aðild. Innflutningur jókst mikið strax við aðild en þrátt fyrir það þá er útflutningur á svínakjöti enn nokkru meiri en innflutningur.

Meðal svínabú á Íslandi er nokkuð stærra en meðalbúið í Finnlandi. Íslensk bú framleiddu um 350 tonn af kjöti árið 2008 og voru með um 4.500 sláturdýr að meðaltali. Í Finnlandi eru búin minni og sláturdýrin rétt liðlega 1.000 talsins að meðaltali. Svipaða sögu má sjá þegar tekjur svínabúa á Íslandi og í Finnlandi eru skoðaðar. Þrátt fyrir að finnsk svínabú hafi tvöfaldað tekjur sínar á 10 árum að meðaltali þá eru þær samt sem áður umtalsvert lægri en héraendis. Áætlað er að meðaltekjur finnskra búa hafi verið innan við 40 milljónir króna árið 2008 samanborið við um 190 milljóna króna meðaltekjur skv. tölum Hagþjónustu landbúnaðarins. Verulegan hluta af þessum mikla mun má rekja til mismunandi stærðar búa á Íslandi og í Finnlandi.

Heildarstyrkir til landbúnaðar í Finnlandi voru um 1.900 milljónir evra árið 2010. Um 60% af styrkjum til landbúnaðar í Finnlandi er fjármagnað af finnska ríkinu en um 40% af ESB. Þegar horft er á svínaræktina eingöngu þá má áætla að ESB fjármagni um fjórðung þeirra styrkja sem veittir eru til svínaræktar. Nokkrar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi styrkja til svínabænda undanfarin ár. Styrkirnir hafa færst frá því að vera framleiðslutengdir í að miða við fasta fjárhæð sem er óháð framleiddu magni.

Í skýrslunni var áætlað hvernig rekstraraðstæður íslenskra svínabúa myndu breytast við aðild ef styrkir væru svipað hlutfall tekna og í Finnlandi. Miðað við þær forsendur sem gefnar eru í skýrslunni má ætla að samdráttur í afkomu svínabænda gæti numið milli 600 til 1.000 milljónum króna, eftir því hvernig innlendri vinnsla á svínakjöti reidir af. Ef gert er ráð fyrir að aðildarsamningur Íslands tryggði svínabændum svipaðan stuðning gegnum CAP og finnskum kollegum þeirra gæti kostnaður ríkissjóðs vegna stuðnings við svínarækt verið á bilinu 400 til 750 milljónir króna árlega.

14 Heimildaskrá

Ahlstedt, J. (2000). *Finnsih Agriculture and Rural Industries*. Helsinki.

Ahlstedt, J. (2009). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2009*. Helsinki: Agrifood Research Finland.

Björn Þór Arnarson, og Daði Már Kristófersson, (2010). *Staða og horfur garðyrkjunnar Ísland og ESB*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Daði Már Kristófersson og Erna Bjarnadóttir, (2011). *Staða íslensks landbúnaðar gagnvart aðild að Evrópusambandinu. Áhrif á tekjur og stuðing og væntanleg stuðningsþörf*. Utanríkisráðuneytið.

DG Agriculture og Rural Development, (nóvember 2010). CAP post-2013: key graphs and figures.

Economy Doctor, (2011). Margskonar tölfræðiupplýsingar.

Eurostat, (október 2009 og 2010). Consumer price research.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. (29. maí 2002). Stöd till reklam för trädgårdsprodukter. *Statligt stöd nr N 94/2002 – Finland*. Brussel.

Hagfræðistofnun. (2009). *Bakgrunnsskýrsla- Íslensk bú í finnsku umhverfi*.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (1999). *Framleiðni íslenskra atvinnuvega*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Hagstofa Íslands, (2011). Ýmis gögn af vefsíðu Hagstofunnar.

Hagþjónusta Landbúnaðarins. (2010). Ýmis gögn frá starfsmönnum Hagþjónustunnar.

Hagþjónusta landbúnaðarins, (febrúar 2009). *Hagur landbúnaðarins*. Hvanneyri.

Hörður Harðarson, (2010 og 2011). Viðtöl um stöðu svínaræktarinnar.

- Intellecta ehf., 2009. *Kornrækt á Íslandi – Tækifæri til Framtíðar* –. Skýrsla fyrir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
- Mavi: Agency for Rural Affairs. (2007). TÄYTTÖOHJEET (e. Instructions for growers). Helsinki, Finland.
- Mikkola, E. (10. desember 2010). Samtal um svínarækt í Finnlandi.
- Ministry of Agriculture and Forestry. (2010). *Ýmsar tölfraeðiupplýsingar*. Helsinki, Finland.
- Ministry of Trade and Industry et. al. (26. 6 2007). Finland's National Energy Efficiency Action Plan.
- Niemi, J., (1998). *Finnish Agriculture and Rural Industries 1998*. Helsinki: Agricultural Economics Research Institute.
- Niemi, J., (2007). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2007*. Helsinki: Agrifood Research Finland.
- Niemi, J., (2009). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2009*. Helsinki: Agrifood Research Finland.
- Niemi, J., (2010). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2010*. Helsinki: Agrifood Research Finland.
- Niemi, Jyrki og Ahlstedt, Jana (ritstjórar), (2002). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2002*. Helsinki: Agrifood Research Finland.
- Niemi, Jyrki og Ahlstedt, Jana (ritstjórar), (2005). *Finnish Agriculture and Rural Industries 2005*. Helsinki: Agrifood Research Finland,.
- Nordic Statistical Yearbook 2009, (2010). Kaupmannahöfn, Danmörk.
- Oanda. (2010). *Oanda.com*. Sótt 16. nóvember 2010 frá Upplýsingar um gengi finnska marksins: www.oanda.com
- OECD, (2009). *Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation 2009*.
- OECD, (2010). *Agricultural Policies in OECD Countries: At a Glance*.

OECD, (2011). Ýmis gögn úr PSE gagnagrunni um Ísland.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2011. *Tillögur starfshóps um eflingu kornræktar á Íslandi.*


Tike: Information Centre of the Ministry of Agriculture and Forestry, (2010). *Farm Register 2009.* Helsinki.

15 Viðauki

15.1 Tæknileg skilgreining flokka


Við gerð þessarar skýrslu er notast við gögn Hagstofu Íslands. Í tölum Hagstofunnar er landbúnaður flokkaður samkvæmt ÍSAT 95 flokkunarkerfinu. Helstu flokkar landbúnaðar eru *01 Landbúnaður*, sem inniheldur allan landbúnað. Landbúnaði er skipt í nokkrar undirgreinar, *01.1 Jarðyrkja og garðyrkja*, *01.2 Búfjárrækt*, *01.4 Þjónusta við jarðyrkju*, og *01.5 Dýraveiðar og tengd þjónusta*. Í þessari skýrslu er aðallega horft til landbúnaðar í heild, búfjárræktar og undirflokka hennar. Búfjárræktinni er skipt upp í þrjá flokka, *01.23 Svínarækt*, *01.24 Alifuglarækt* og *01.25 Önnur búfjárrækt*. Þegar vísað er til búfjárræktar í þessari skýrslu er vísað til þessarar skilgreiningar Hagstofunnar nema að annað sé tekið fram.

15.2 Myndir og töflur



Heimild: Hagstofa Íslands (2010)


Mynd B- 1: Framleiðsla innanlands á kjöti mælt í tonnum.



Heimild: Hagstofa Íslands (2010)

Mynd B- 2: Laun og tengd gjöld í svínarækt á breytilegu og föstu verðlagi (2008).

Laun og tengd gjöld hafa vaxið umtalsvert að raunvirði frá árinu 1998. Raunvöxtur launa og tengdra gjalda hafa ríflega þrefaldast á þessu tímabili. Kaupmáttur launa jókst á sama tímabili um ríflega 20% sem gefur til kynna að starfsfólki hafi fjölgað í greininni eða kaupmáttur launa í greininni hafi vaxið hraðar en í öðrum greinum íslensks atvinnulífs.



Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundar

Mynd B- 3: Framleiðslu- og vinnsluvirði landbúnaðar og búfjárræktar á föstu verðlagi(2009)

Tafla A- 1: Vinnsluvirði í landbúnaði á föstu verðlagi (2009).

	1997	1998	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Landbúnaður og dýraveiðar	8.217	9.645	11.204	10.352	11.196	11.360	11.744	12.579	13.769	14.670	17.397	19.382
Búfjárrækt	7.165	7.965	9.130	8.352	8.955	8.886	9.111	9.799	10.452	10.875	13.070	14.427
Svínarækt	437	456	541	516	376	288	661	897	1.345	1.428	1.494	1.233
Alifuglarækt	444	581	633	155	410	593	491	600	819	919	1.028	1.278
Önnur búfjárrækt	6.284	6.928	7.955	7.681	8.170	8.005	7.959	8.302	8.288	8.528	10.548	11.915

Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfunda

Tafla A- 2: Framleiðsluvirði í landbúnaði á föstu verðlagi (2009).


	1997	1998	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Landbúnaður og dýraveiðar	30.695	36.571	39.138	36.548	36.146	36.990	38.444	40.985	42.443	43.795	44.673	40.781
Búfjárrækt	26.651	30.091	31.343	28.900	28.930	28.531	29.576	31.238	31.325	32.535	33.703	30.776
Svínarækt	2.118	2.147	2.562	2.419	2.756	2.335	3.494	3.861	4.119	4.647	4.925	3.281
Alifuglarækt	2.699	2.799	2.785	2.924	3.252	3.316	2.547	2.785	3.416	3.675	3.842	3.820
Önnur búfjárrækt	21.836	25.145	25.998	23.559	22.922	22.880	23.534	24.592	23.790	24.213	24.934	23.676

Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfunda

Tafla A- 3: Fjöldi starfandi í landbúnaði skipt eftir búgreinum frá 1998 til 2005.


	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Almennur búrekstur	3458	3469	3351	3291	3202	3055	2981	2973
Alifuglabú	218	237	245	269	318	262	109	95
Svínabú	101	106	106	101	111	99	82	83
Loðdýrabú	66	53	52	50	51	46	51	57
Garðyrkju- og gróðurhúsabú	382	380	391	389	400	390	410	382
Fóðurframleiðslubú	139	140	144	146	158	164	173	172
Ræktun nytjaskóga	124	119	112	118	123	119	120	120
Kornræktarbú	76	83	84	79	78	89	86	67
Þjónusta við búrekstur	33	34	35	34	34	37	38	47
Dýraveiðar	4	4	4	4	4	3	4	3
Samtals landbúnaður	4601	4625	4524	4481	4479	4264	4054	3999
Samtals allar atvinnugreinar	145.442	149.998	154.022	156.462	156.072	155.686	157.468	164.876
Hlutfall landbúnaðar í (%)	3,2%	3,1%	2,9%	2,9%	2,9%	2,7%	2,6%	2,4%
Hl. svínaræktar af landbúnaði (%)	2,2%	2,3%	2,3%	2,3%	2,5%	2,3%	2,0%	2,1%

Heimild: Hagur landbúnaðarins (2009).



Heimild: Hagstofa Íslands (2011) og útreikningar höfundna.

Mynd B- 4: Smásöluverð á svínakjöti og svínakjötsafurðum. Á verðlagi hvers árs. Meðalverð tveggja síðustu mælinga.



Heimild: OECD, Bændasamtökin og útreikningar höfundna.

Mynd B- 5: Skilaverð á landbúnaðarafurðum á föstu verðlagi. Vísitala (1998=100).

Tafla A- 4: Skilaverð á landbúnaðarafurðum á föstu verðlagi ársins 2008.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	% br. frá 1998
Innvegin mjólk	103	104	105	104	106	107	106	105	98	93	100	-3%
Kindakjöt	460	444	397	397	390	348	349	387	374	378	388	-16%
Nautakjöt	460	444	388	359	326	318	338	390	423	405	409	-11%
Svínakjöt	418	374	318	323	252	196	273	311	336	332	296	-29%
Fuglakjöt	528	462	439	449	346	271	300	356	305	304	295	-44%
Egg	319	303	284	267	247	319	295	284	307	292	n.a.	-8%

Heimild: OECD, Bændasamtökin og útreikningar höfundu.

Tafla A- 5: Fjöldi gjaldþrota eftir búgrein frá 1998 til 2007 (ÍSAT 95).¹

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Nautgripærækt	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sauðfjárrækt	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hrossarækt	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Svínarækt	0	0	0	0	0	0	1	1	0	2
Alifuglarækt	0	0	0	0	0	1	2	0	0	0
Blönduð búfjárrækt	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0

¹ Samkvæmt tölum um gjaldþrot samkvæmt ÍSAT 2008 staðlinum þá var eitt gjaldþrot árið 2008 og 2009 en tvö árið 2010 í svínarækt.

Heimild: Hagstofa Íslands (2011)

Tafla A- 6: Fjöldi nýskráðra fyrirtækja eftir búgrein frá 1998 til 2007 (ÍSAT 95).¹

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Nautgripærækt	3	9	5	0	7	5	5	2	2	3
Sauðfjárrækt	1	3	1	1	4	6	2	6	2	5
Hrossarækt	2	2	3	3	15	9	10	21	26	30
Svínarækt	2	1	1	1	2	2	1	0	0	1
Alifuglarækt	0	2	1	2	2	2	2	2	0	0
Blönduð búfjárrækt	0	2	5	2	19	11	12	9	25	23


¹ Samkvæmt tölum um gjaldþrot samkvæmt ÍSAT 2008 staðlinum þá voru 2 fyrirtæki nýskráð í svínarækt árið 2008, eitt árið 2009 en ekkert 2010.

Heimild: Hagstofa Íslands (2011)

Tafla A- 7: Fjöldi sláturdýra og þyngd í Finnlandi.¹


	Fjöldi dýra			Meðalstærð (kg)	
	Heild	Gyltur	Eldissvín	Gyltur	Eldissvín
1996	2.088.700	60.400	2.003.800	149,5	79,7
1997	2.181.500	59.600	2.097.800	151,4	80,0
1998	2.194.300	59.100	2.111.900	153,2	81,8
1999	2.169.700	56.100	2.089.700	154,8	81,7
2000	2.045.685	51.752	1.972.531	161,6	82,1
2001	2.036.268	50.727	1.963.311	164,1	83,1
2002	2.142.573	54.576	2.064.776	167,9	83,6
2003	2.289.630	54.406	2.211.267	167,7	82,2
2004	2.351.204	52.168	2.275.736	172,7	82,2
2005	2.399.260	51.314	2.325.470	176,5	82,7
2006	2.401.089	50.546	2.329.646	180,6	84,5
2007	2.444.567	51.999	2.371.115	181,0	85,1
2008	2.456.707	57.271	2.379.385	178,6	86,1
2009	2.342.822	48.192	2.277.728	178,7	85,8

1. Þ.e. fjöldi dýra sem var slátrað á hverju ári.



Heimild: (IMF Data mapper, 2010)

Mynd B- 6: Verðbólga á Íslandi og Finnlandi frá 1991 og spá til 2016.



Heimild: IMF Data mapper, (2012)

Mynd B- 7: Hagvöxtur á Íslandi og Finnlandi frá 1991 og spá til 2016..

Tafla A- 8: Nafn- og raunverðsbreyting á verði nokkurra búvara frá 1998 til 2008.

	% br. frá 1998 til 2008	
Innvegin mjólk	63%	-3%
Kindakjöt	42%	-16%
Nautakjöt	49%	-11%
Svínakjöt*	19%	-29%
Fuglakjöt	-6%	-44%
Egg	37%	-8%

Ef tölur fyrir 2009 og 2010 eru skoðaðar þá er nafnverðshækkunin 14% og raunverðslækkunin ríflega 40% á tímabilinu frá 1998 til 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands, Bændasamtökin og útreikningar höfunda

Tafla A- 9: Umfang landbúnaðarframleiðslu innan Evrópusambandsins.

	Söluvirði, milljónir € ¹	PSE Markaðsvernd ²
Mjólk	148.000	6%
Dílkakjöt	4.000	21%
Nautakjöt	22.000	32%
Svínakjöt	31.000	4%
Kjúklingur	13.000	34%
Egg	8.000	1%
Annað, ekki akuryrkja	4.000	5%
Samtals	266.000	9%

¹ Söluvirði árið 2009 (nýjustu tölur frá OECD) ² Meðaltal árána 2006 til 2009.

Heimild: OECD, (2009)

Tafla A- 10: Rekstraryfirlit svínaræktarinnar (m.kr á verðlagi hvers árs), paraður samanburður

	2008	2009
Rekstrartekjur	1.744	1.525
<i>Rekstrartekjur að meðaltali</i>	217,9	190,6
Rekstrargjöld	1402	1445
<i>Rekstrargjöld að meðaltali</i>	175,2	180,6
Fjármagnsliðir	-1003	-190
<i>Fjármagnsliðir að meðaltali</i>	-125,4	-23,7
<i>Hagnaður f. vexti og verðbr. að meðaltali</i>	-82,2	-15,1
<i>Hagn. af reglul. starfsemi að meðaltali</i>	42,7	10,0